

# **Nám fyrir fullorðið fólk með þroskahömlun**

**Soffía Unnur Björnsdóttir**

Meistaraprófsverkefni lagt fram til fullnaðar M.Ed.-gráðu í  
menntunarfræði við Kennaraháskóla Íslands

Reykjavík maí 2008

## Útdráttur

Ritgerð þessi fjallar um nám fyrir fullorðið fólk með fötlunina þroskahömlun. Hún byggir á niðurstöðum vettvangsathugana sem unnar voru á Nýja-Sjálandi og í tveimur lýðháskólum á Norðurlöndum á árinu 2007. Markmið þessa starfstengda verkefnis er að leita að hugmyndum um samfellt nám fyrir þroskahamlaða nemendur. Þar er átt við nám fyrir ungt fólk sem lokið hefur fjórum árum á starfsbrautum framhaldsskólanna hér á landi. Sjónum er beint að skólakerfi Nýsjálendinga og hugmyndafræði lýðháskólanna á Norðurlöndum með jafnræði fatlaðra og ófatlaðra í huga. Niðurstöður athugananna sýna að Nýsjálendingar beita svipaðri kennslufræði og þeirri sem hugmyndafræði lýðháskólanna byggja á, þar sem aðaláherslan er að styrkja einstaklinginn á hans eigin forsendum. Einnig sýna niðurstöður að í námi fyrir fullorðið fólk með þroskahömlun sé æskilegt að leggja áherslu á þætti sem stuðla að sjálfsefningu, sjálfsvirðingu og samskiptafærni einstaklinganna. Í lokakafla ritgerðarinnar er gerð tillaga að samfelldu námi sem gæti verið markvisst framhald þeirrar menntunar sem framhaldsskólinn hér á landi býður nemendum með þroskahömlun.

## **Abstract**

This dissertation addresses the idea of tertiary education for adults with intellectual disabilities. It is based on findings derived from field studies at various schools and colleges in New Zealand and at two folk high schools in Scandinavia. The studies took place in 2007. The aim of this work-related thesis is to search for ideas of continuing education for disabled students with special attention to those who have completed a four-year program in Icelandic secondary schools. When scrutinised through an egalitarian lens, the New Zealand school system and the Scandinavian high schools seem to share an ideology which emphasises empowerment of the individual. The main results also suggest that when planning education for disabled adults the prime focus should be on empowerment, self-respect and communicability of every individual. The final chapter proposes a course of study that could be an effective continuation of secondary education for adults with intellectual disabilities.

## Formáli

Ritgerðin *Nám fyrir fullorðið fólk með þroskahömlun* er hluti af starfstengdu meistaranámi í menntunarfræðum við Kennaraháskóla Íslands. Hún er 10 einingar og var unnin undir leiðsögn dr. Hafðísar Guðjónsdóttur lektors og dr. Hafþórs Guðjónssonar dósentis, við Kennaraháskóla Íslands. Þeim kann ég mínar bestu þakkir fyrir góða leiðsögn og gott samstarf. Fjölskyldu minni þakka ég fyrir hvatningu og góðan stuðning. Eiginmanni mínum, Ólafi Sigurðssyni, sem las yfir jafnt og þétt og benti mér á það sem betur mátti fara þakka ég einnig, svo og dóttur minni, Valgerði Stelli Kristjánsdóttur og vinkonum mínum Guðlaugu Ólafsdóttur og Maríu Grétu Guðjónsdóttur sem lásu yfir og gáfu góð ráð. Einnig vil ég þakka þeim fjölmörgu gestgjöfum mínum sem tóku á móti mér á Nýja-Sjálandi, Svíþjóð, Danmörku og gáfu mér innsýn í starf skólanna, nám og kennslu. Öll sýndu þau mikinn áhuga á verkefni mínu, buðu mér að dvelja með þeim eins og ég taldi mig þurfa við athuganir mínar og hvöttu mig til að fylgja verkefni mínu eftir.

---

Soffía Unnur Björnsdóttir

## Efnisyfirlit

Útdráttur	
Abstract	
Formáli .....	4
Efnisyfirlit.....	5
<b>Inngangur .....</b>	<b>8</b>
Hugmyndin að vali verkefnis .....	9
Að menntast í samfélagi nútímans.....	10
Markmið verkefnisins .....	12
Lykilhugtök .....	12
Uppbygging ritgerðarinnar.....	13
<b>1. Fræðilegur bakgrunnur .....</b>	<b>15</b>
Þrjú sjónarhorn .....	15
Jafnrétti til náms .....	16
Menntun og menning .....	18
Að vera fatlaður .....	20
Þroskahömlun .....	21
Mennskan og sjálfræði .....	23
Sjálfsfelling og valdefling .....	23
Fullorðinshlutverk.....	24
Lífsgæði og lífsleikni .....	25
<b>2. Aðferðir við gagnaöflun verkefnisins.....</b>	<b>28</b>
Markmið og rannsóknarspurningar.....	28
Aðferðir.....	29
Vettvangsathuganir .....	29

Skjalagreining .....	29
Viðtöl.....	29
Vettvangsathuganir á Nýja-Sjálandi.....	31
Vettvangsathuganir í lýðháskólum í Svíþjóð og Danmörku.....	31
Siðferðileg atriði.....	32
Gildi verkefnisins .....	32
<b>3. Nýja-Sjáland .....</b>	<b>33</b>
Land og þjóð.....	33
Uppruni þjóðarinnar.....	35
Maori.....	35
Auckland .....	36
Skólakerfið .....	36
Hlutverk skólanefnda .....	38
Eftirlitsnefndir.....	39
Upplýsingar til foreldra, skóla og skólanefnda.....	39
Nám eftir 18 ára aldur .....	40
Sérkennsla .....	42
Sérkennsla nemenda með þroskahömlun 13–18 ára .....	43
Það sem skólarnir áttu sameiginlegt.....	47
Menntun fullorðinna með þroskahömlun á Nýja-Sjálandi.....	48
Samantekt.....	50
<b>4. Lýðháskólar á Norðurlöndum .....</b>	<b>52</b>
Hugmyndin.....	52
Saga og hugmyndafræði lýðháskóla.....	53
Menntunarfræði.....	54
Menningarlíf .....	54
Vettvangsathugun í tveimur lýðháskólum.....	55
Samantekt .....	58
<b>5. Umræða og lokaorð .....</b>	<b>59</b>
Staða þroskahamlaðra í skólaumræðunni hér á landi .....	59
Skólakerfi Nýsjálendinga og Íslendinga .....	61

Menntun fullorðinna með þroskahömlun.....	62
Hugmyndafræði lýðháskólanna og þroskahamlaðir .....	65
Hugmyndir að námi fyrir fullorðið fólk með þroskahömlun .....	66
Hvað á námið að innihalda? .....	67
Lokaorð .....	72
<b>Heimildaskrá .....</b>	<b>73</b>

## Inngangur

Allar manneskjur eru einstakar og allir hafa einhverjar sérþarfir. Sumar sérþarfir eru í eðli sínu þannig að styðja þarf einstaklinga sem þær hafa meira en aðra svo þeir njóti lífsgæða í samfélagi nútímans. Til að geta skipulagt gjörðir sínar og mótað skilning á ýmsum fyrirbærum hefur mannshugurinn þá tilhneigingu að flokka allt og þar á meðal fólk. Einstaklingar eru staðsettir í ýmsum flokkunarkerfum eftir getu, bæði andlegri og líkamlegri. Sjálfsagt hjálpar þessi flokkunarpörf okkur að öðlast dýpri skilning á ýmsum fötlunum, röskunum og sérþörfum, sérstaklega þegar börn eiga í hlut og verið er að meta þjónustupörf einstaklinga eða námsgetu. Þetta verður þó til þess að fólk fær á sig merkimiða sem festist við það, jafnvel alla ævi.

Skólakerfið er mitt sérsvið og tel ég að það sé of upptekið af greiningum ýmissa fatlana og sérþarfa á þann hátt að það verði meira hamlandi en styrkjandi fyrir einstaklingana. Ég er líka þeirra skoðunar að við eigum eingöngu að nota slíkar flokkanir og merkingar okkur til skilnings á ólíkum sérþörfum, leggja þær síðan til hliðar og einbeita okkur meira að því að styrkja einsaklingana til félagslegs þroska, sjálfshjálpar og sjálfsábyrgðar. Allar námsgreinar geta haft það að markmiði að stefna að gæðum en ekki magni sem felst í fjölda blaðsíðna eða bóka. Þegar nemendur eldast og fullorðnast eigum við sem störfum að skólamálum að geta varpað þessum flokkunum frá okkur með öllu, að mínu mati, leggja okkur heldur fram við að leita leiða til að bjóða upp á fjölbreyttar námsleiðir á efri stigum skólakerfisins.

Ég hef starfað í tæp 30 ár við kennslu barna og unglunga, bæði sem umsjónarkennari og sérkennari í grunnskóla, og að auki í tæp 10 ár á starfsbraut í framhaldsskóla, þar af sjö ár sem verkefnisstjóri á árunum 1999–2006. Þessi ár sem ég hef starfað á starfsbraut með þroskahömluðum og seinfærum unglungum hef ég verið virkur þátttakandi í þróun þess náms sem boðið er upp á þar. Gott samstarf hefur verið á milli skipuleggjenda flestra starfsbrauta landsins og einnig



við sérfræðinga menntamálaráðuneytisins á þessu sviði. Með þessa starfsreynslu í veganesti tel ég mig hafa nokkra yfirsýn yfir stöðu menntamála með áherslu á þá nemendur sem standa höllum fæti í skólasamfélaginu. Verkefni mitt hér felur í sér að leita að námsleið sem á erindi til hóps fullorðins fólks með sérþarfir og mun ég einkorða mig við þann hóp sem hefur verið flokkaður með fötlunina þroskahömlun.

Aðalviðfangsefni mitt er að skoða og rannsaka hvers konar nám er í boði fyrir nemendur á Nýja-Sjálandi með fötlunina þroskahömlun þegar þeir komast á fullorðinsár. Ég hef kynnt mér skólakerfi Nýsjálendinga með það í huga að rýna í hvernig tilfærsla nemenda er á milli skólastiga í samanburði við það sem gerist á Íslandi. Í allri skólaumræðu eru Nýsjálendingar taldir hafa unnið mjög vel í sínum skólamálum og hafa gott orð á sér hvað varðar skipulag og stefnu „skóla án aðgreiningar“ (inclusive education). Ég mun skoða hvort við getum lært eitthvað af þessari þjóð sem er hinum megin á hnettinum en þó svo lík okkur á margan hátt.

Einnig mun ég leita í smiðju norrænnar lýðháskólamenningar og skoða hugmyndafræði þeirra þegar kemur að því að bjóða einstaklingum námstækifæri sem hæfir þroska þeirra, námsgetu og færni ásamt því að styrkja þá í að lifa í nútímasamfélagi. Sú hugmynd að skoða starf lýðháskólanna kom upp þegar ég varð vör við að mörg íslensk ungmenni fóru til Norðurlanda eftir að námi lauk í framhaldsskóla til að styrkja sig í eigin lífi og finna út hvert hugurinn stefndi í sambandi við frekara nám.

Leitað verður að hugmyndum sem gætu nýst hér á Íslandi til að búa til nám fyrir fullorðna einstaklinga með þroskahömlun og reynt að flétta saman reynslu Nýsjálendinga og hugmyndafræði norrænna lýðháskóla.

## **Hugmyndin að vali verkefnisins**

Hugmyndin að verkefninu kviknaði þegar ég var búin að starfa í nokkur ár á starfsbraut í framhaldsskóla með þroskahömluðum og seinfærum unglíngum. Þegar nemendur mínir útskrifuðust eftir fjögurra ára nám tók oft á tíðum lítið við hjá þeim, framtíðin var í miklu tómarúmi. Mörg þeirra höfðu löngun til að halda áfram námi á sínum forsendum á meðan önnur óskuðu eftir að komast út á vinnumarkaðinn. Þeir nemendur sem óskuðu þess að geta lært meira áttu fárra

kosta vól. Þeim bauðst eingöngu námstilboð hjá *Fjölmennt* sem er símenntunarúrræði fyrir fullorðna með fötlun og þá aðeins í formi námskeiða, nokkrar kennslustundir á viku. Þörfin fyrir fleiri námstilboð var því ljós og að eitthvað varð að gerast í þessum málum ef við ætluðum að standa okkur sem þjóð í stefnu okkar um „skóla án aðgreiningar“ og „samfélag án aðgreiningar“.

Margar hindranir virðast vera í veginum þegar reynt er að bjóða fötluðu ungu fólki með þroskahömlun frekara nám eftir að framhaldsskóla lýkur. Áhuginn er þó fyrir hendi og til er fólk sem tilbúið er að undirbúa og hrinda slíku námi í framkvæmd. Helsta hindrunin virðist vera viðhorf ráðamanna, sem byggir sennilega á þekkingarleysi þeirra á fötlunum og að sjá ekki þann ávinning fyrir samfélagið sem menntun fyrir alla hefði í för með sér.

Nú þegar nýtt fræðasvið, fötlunarfræði, hefur verið sett á laggirnar við Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands breytast vonandi viðhorfin og þekking á lífi fatlaðra einstaklinga eykst. Rannveig Traustadóttir (2006) segir í grein sinni *Í nýjum fræðaheimi* að vitund almennings um hlutskipti fatlaðra hafi styrkst alls staðar í heiminum. Nefnir hún meðal annars sem ástæður að meðalaldur þjóða sé hækkandi og fötlun þar af leiðandi algengari, einnig séu fréttir tíðari af sjúkdómum, slysum, styrjöldum og náttúruhamförum sem valdi skerðingu. Fötlun og skerðing eru þannig orðin hluti af reynslu okkar og styrkir meðvitund almennings um að fötlun af ýmsu tagi sé algengari en áður var talið.

Lög, reglugerðir og stefnuáætlanir með áherslu á full mannréttindi fyrir fólk með fötlun og full réttindi fyrir nemendur með þroskahömlun hafa verið samþykkt og undirrituð, sem felur í sér fullt jafnræði meðal fatlaðra og ófatlaðra.

### **Að menntast í samfélagi nútímans**

Í verkefninu er leitast við að sýna fram á að allir hafi þörf á að menntast og viðhalda menntun sinni í nútímasamfélagi, þar sem símenntun er orðin hluti af lífsmáta allra og telst til sjálfsagðra lífsgæða.

Í ljósi örra breytinga sem hafa átt sér stað síðustu áratuginna með tæknivæðingu og breyttum samskiptaháttum, þykir sjálfsagt að fólk stundi einhvers konar menntun hvort sem það er í formi skólasóknar, sæki námskeið eða sjálfsmenntun. Þeir sem ekki eru vakandi yfir breyttum samfélagsháttum eiga á hættu að einangrast. Nauðsynlegt er að styðja við ýmsa samfélagshópa sem ekki eru færir

um að fylgja eftir hraða breytinganna, þeirra á meðal eru fatlaðir, fólk með þroskahömlun og jafnvel aldraðir. Samkvæmt samkomulagi sem Íslendingar hafa gengist undir með undirritun Salamanca-yfirlýsingarinnar (Menntamálaráðuneytið (1995:8) ber stjórnvöldum að sjá til þess að allir þegnar njóti viðunandi og viðeigandi menntunar. Jafnrétti á borði en ekki aðeins í orði á því að ríkja á þessu sviði eins og öðrum og ætti íslenskt nútímasamfélag að geta verið stolt af því að bjóða upp á raunverulegt „samfélag fyrir alla“ á öllum sviðum mannlífsins.

Nú er orðið að veruleika nám fyrir alla, lagalega séð, bæði í grunnskóla og framhaldsskóla en enn er eftir að bæta við möguleikum á framhaldsmenntun eftir að framhaldsskóla lýkur. *Fjölmenn*, sem áður hét Fullorðinsfræðsla fatlaðra, býður upp á nám fyrir fólk sem ekki getur stundað árangurstengt nám en eingöngu er um að ræða stutt námskeið eins og fram hefur komið. Kennaraháskóli Íslands hóf tveggja ára tilraunaverkefni haustið 2007 sem er námstilboð fyrir ákveðinn, skilgreindan hóp með þroskahömlun. Nemendur mæta tvo daga vikunnar í skólann, eftir hádegi, auk þess að fá starfsþjálfun á tímabilinu. Enn vantar því ápreifanlega samfelld, fullt nám sem yrði í boði svo að um raunverulegt val yrði að ræða.

Í niðurstöðum rannsóknar Maríu Hildipórsdóttur (2006) um óskir nemenda með fötlunina þroskahömlun kemur fram eindregin ósk um nám á háskólastigi bæði frá nemendum og foreldrum þeirra sem tóku þátt í rannsókninni. Foreldrar sem voru lykilþátttakendur höfðu einnig velt þeirri hugmynd fyrir sér að hér yrði stofnaður lýðháskóli sem þeim fannst eftirsóknarverður valkostur. Það kemur skýrt fram í rannsókn Maríu að eitt henti ekki öllum og benda niðurstöður rannsóknarinnar til að huga þurfi að aðgengi fatlaðs fólks að formlegu námi að loknum framhaldsskóla eftir mismunandi brautum. Mikilvægt er að hugað sé að því skipulagi sem þarf að vera á menntun að framhaldsskóla loknum. María spyr hvernig hægt sé að koma slíkum tilboðum inn í skólakerfi okkar á jafnræðisgrundvelli.

## **Markmið verkefnisins**

Markmið verkefnisins er að móta hugmyndir um *hvernig nám* við getum boðið upp á hér á Íslandi sem gæti orðið raunverulegt framhald af námi

framhaldsskólans og einnig raunverulegur valkostur. Námið þarf að vera uppbyggjandi og styrkja einstaklinga með þroskahömlun til sjálfstæðis og auðugra daglegs lífs. Stefnt er að því að fylgja þeim hugmyndum eftir sem spretta upp við vinnu þessa verkefnis og það verði kennslufræðilegt framlag til skólaþróunar á Íslandi.

Nú þegar hafa farið í gang viðræður um samstarf og þátttöku Háskólans í Reykjavík. Einnig er í vinnslu hugmynd að samstarfi við tvö ráðuneyti, menntamála- og félagsmálaráðuneyti en áframhald þeirra viðræðna ræðst af niðurstöðum Háskólans í Reykjavík um samvinnu við framkvæmd á námi fyrir fullorðið fólk með þroskahömlun.

Í vettvangsathugunum mínum er leitast við að svara eftirfarandi spurningum með það í huga að fá hugmyndir að námi sem gæti nýst hér á landi:

- Hvernig nám er í boði fyrir ungt fólk með þroskahömlun á Nýja-Sjálandi?
- Hvernig fellur hugmyndafræði lýðháskólanna á Norðurlöndum að menntun fyrir fullorðið fólk með þroskahömlun?
- Hvernig nám gæti tekið við að loknu framhaldsskólanámi fyrir fullorðið fólk með þroskahömlun á Íslandi?

## Lykilhugtök

Í þessu verkefni er sjónum eingöngu beint að einum minnihlutahópi samfélagsins sem fellur undir skilgreininguna *fatlaður*. Samkvæmt 2. grein laga um málefni fatlaðra er hugtakið fatlaður notað yfir þroskahamlaða, geðfatlaða, hreyfihamlaða, sjón- og heymarskerta einstaklinga (Lög um málefni fatlaðra nr. 59/1992). Skilgreining á hugtakinu fötlun er mjög mikilvæg því á henni byggist réttur fólks til að njóta þeirra réttinda sem lög og aðrar réttarheimildir tryggja fötluðum. Einnig fer skilgreiningin eftir þeirri hugmyndafræði sem notandi hugtaksins byggir umfjöllun sína á (Brynhildur Flóvenz, 2004:35). Í verkefninu vísar orðið fatlaður til einstaklinga með þroskahömlun þar sem það eru þeir sem eru væntanlegir njótendur þeirrar menntunar sem verið er að skoða. Þó ber að hafa í huga að margir fatlaðir einstaklingar búa oft við fleiri en eina fötlun þannig að þeir sem eru með þroskahömlun geta einnig verið með líkamlega fötlun og/eða geðfötlun.

Annað hugtak sem er haft að leiðarljósi í gegnum allt verkefnið er *jafnræði* en jafnrétti fatlaðra á við aðra borgara er tryggt í almennum lögum, stjórnarskrá, alþjóðasamningum og yfirlýsingum. Það má því segja að réttur fatlaðra til jafnræðis sé nokkuð vel tryggður en vafalaust eru réttindi fatlaðra misvel tryggð eftir því hvers konar fötlun er um að ræða. Meginmarkmið með að beita jafnræðisreglu gagnvart fötluðum felst í því að tryggja þeim jafnrétti og sambærileg lífskjör á við aðra þjóðfélagsþegna og skapa þeim skilyrði til eðlilegs lífs eftir því sem tæk eru á (Brynhildur Flóvenz, 2004:75).

Hugtakinu *tilfærslu* mun bregða oft fyrir en það er þýðing á enska hugtakinu „transition“ sem notað er yfir allar veigameiri breytingar í lífi ungs fatlaðs fólks þegar það færist úr skóla yfir í sjálfstætt líf (Hrafnhildur Ragnarsdóttir, 2005). Misjafnt er hvernig hugtakið hefur verið þýtt, stundum er talað um umskipti eða yfirfærslu en ég vel að nota þýðinguna tilfærsla. Þetta hugtak er mikið notað á Nýja-Sjálandi þegar nemendur fara á milli skólastiga eins og frá leikskóla yfir í grunnskóla og síðan úr fyrri hluta grunnskóla (primary school) yfir í seinni hluta grunnskóla og framhaldsskóla (secondary school). Síðasta tilfærslan er úr framhaldsskóla yfir í fullorðinsmenntun (tertiary education) eða út í atvinnulíf.

## **Uppbygging ritgerðarinnar**

Ritgerðin skiptist í fimm kafla að loknum inngangi. Fyrsti kafliinn fjallar um fræðilegan bakgrunn sem liggur til grundvallar athugunum mínum. Þar er fjallað um þau hugtök og sjónarhorn sem gengið er út frá.

Í öðrum kafla er sagt frá þeirri aðferðafræði sem notuð var til að afla gagna fyrir verkefnið og í vettvangsathugunum sem gerðar voru á Nýja-Sjálandi og í lýðháskólunum á Norðurlöndum.

Þriðji kafli fjallar um Nýja-Sjáland, uppruna og sögu þjóðarinnar. Sagt er frá skólakerfinu þar og frá menntun og kennslu nemenda með þroskahömlun. Fyrst er skoðuð sérkennslan í heild sinni sem síðan er sett í samhengi við það sem er að gerast í menntamálum fullorðinna með þroskahömlun. Skoðuð er tilfærsla nemenda á milli skólastiga með það í huga að átta sig á hvernig skólastarfið byggist upp í kringum einstaklinga með sérþarfir. Sagt er frá þeim vettvangsathugunum sem unnar voru á Nýja-Sjálandi og skólastarfinu lýst.

Fjórði kafli er um lýðháskóla á Norðurlöndum, hugmyndafræði menntunarinnar, menningu og hvernig tveir lýðháskólar útfæra sína kennslu á ólíkan hátt. Athuganir voru gerðar í skólum í Svíþjóð og Danmörku.

Í fimmta kafla er umræða um stöðu þroskahamlaðra í íslensku skólakerfi, skólakerfi Nýsjálandinga og Íslendinga borin saman með hliðsjón af tilfærslu þroskahamlaðra nemenda út í fullorðinslíf. Í lokin er sett fram hugmynd um hvernig flétta má hugmyndafræði lýðháskólanna saman við kennslufyrirkomulag á Nýja-Sjálandi til að móta tillögur um nám fyrir fullorðið fólk með þroskahömlun á Íslandi.

## 1. Fræðilegur bakgrunnur

Í þessum kafla verður kynntur sá bakgrunnur sem hafður er til hliðsjónar þegar verið er að leita að hugmyndum um nám fyrir fullorðið fólk með þroskahömlun. Fyrst er skoðað hvað kennimenn og fræðimenn í menntunarfræðum og siðfræði segja um menntun og menningu. Stuðst er við niðurstöður þeirra við mat á því á hvað eigi að leggja áherslu í námi og kennslu þroskahamlaðra einstaklinga. Fötlunarfræði er notuð til að fá betri og dýpri skilning á þörfum fatlaðs fólks og einnig til að skoða rétt þeirra til menntunar og auðugra daglegs líf. Reynt er að greina hvað felst í því að vera fullorðinn og að endingu hvaða áherslur ættu að vera helstu markmið með menntun þroskahamlaðra eftir að framhaldsskólanámi lýkur. Í því samhengi eru hugtökin sjálfsefning/ valdefling, lífsgæði og lífsleikni skoðuð.

### Þrjú sjónarhorn

*Menntunarfræðin* verður það sjónarhorn sem gengið er út frá þar sem verið er að leita hugmynda um nám og menntun fyrir fullorðna með þroskahömlun. Þær kenningar sem kennarar hafa aðhyllst á síðustu áratugum flokkast undir félagslega uppbyggingu þekkingar og falla vel að skipulagi náms og menntunar fyrir fatlaða einstaklinga. Þeir sem aðhyllast kenningar um *hugsmíði* telja hugmyndir sínar og viðhorf til þekkingar og náms vera andstæðu við hugmyndir menntunarfræðinga sem vinna út frá því að veruleikinn sé hlutlægur og óháður nemandanum. Námið eigi því að byggjast á skipulagningu og hönnun námsumhverfis í stað þess að aðaláhersla sé lögð á kennsluáferðir til að nemandi tileinki sér upplýsingar (Þuríður Jóna Jóhannsdóttir, 2001). Samkvæmt kenningunni um *félagslega hugsmíði* eru samskipti og gagnkvæm samvinna bestu aðstæður til náms og þroska og verður þá til þekking. Nám verður að eiga sér stað í menningarlegu og merkingarbæru samhengi þar sem nemandinn tengir það sem hann veit fyrir við nýja reynslu (Meyvant Þórólfsson, 2003). Talsmenn kenningarinnar líta svo á að nám þurfi að eiga sér stað í félagslegu samhengi sem

er hluti af þeirri menningu sem einstaklingurinn tilheyrir. Hver einstaklingur öðlast þekkingu út frá reynslu sinni sem aftur er háð því hvernig hann túlkar hana.

Stuðst er við kenningar *fötlunarfræðinnar* og þá íslensku fræðimenn sem leiða þau fræði hér á landi. Það sem einkennir rannsóknir fötlunarfræðinga er áhersla á að stuðla að breytingum á lífi og aðstæðum fatlaðs fólks eða á þeim félagslegu stofnunum sem skipta máli fyrir það (Rannveig Traustadóttir, 2003).

Þau fræði sem snerta allt líf fólks er *siðfræðin* því hún er samofin menningu okkar, menntun og allri almennri vellíðan. Af því leiðir að flétta þarf kenningar og hugmyndir siðfræðinnar saman við menntunarfræði og fötlunarfræði þegar verið er að vinna með eins mikilvægt mál og jafnrétti til náms og réttinn til þess að öðlast innihaldsríkara líf í samfélagi nútímans.

### **Jafnrétti til náms**

Miklar breytingar hafa orðið á síðustu árum í menntunarmálum fatlaðra nemenda víða um heim. Hér á landi voru samþykkt lög árið 1996, þess efnis að allir nemendur ættu rétt á framhaldsskólanámi að loknum grunnskóla. Í kjölfarið voru stofnaðar starfsbrautir framhaldsskóla þar sem nemendur er ekki geta lokið skilgreindum námsmarkmiðum grunnskólans eiga rétt á sérúrræði. Boðið var upp á tvö námsár en árið 2000 bættist þriðja námsárið við og árið 2001 var síðan tekin sú ákvörðun að nemendur með skilgreinda fötlun fengju fjögurra ára námstilboð. Seinni tvö árin eiga nemendur samkvæmt námskrá að fá starfsþjálfun með því markmiði að þeir geti hafið störf að námi loknu (Menntamálaráðuneyti, 2005). Engin markmið eru í námskránni um að stefna skuli að frekara námi eftir að framhaldsskóla lýkur enda fátt í boði fyrir fullorðið fólk með fötlun.

Skólakerfið í heild sinni byggir á því skipulagi að verið er að búa nemendur á sérhverju skólastigi undir það næsta og síðan er lokamarkmið náms að nemendur geti hafið störf í sérgrein sinni eða í það minnsta nýtt menntun sína til starfa úti í samfélaginu. Nú þegar framhaldsskólanám stendur öllum til boða knýr það á um frekara námstilboð á næsta skólastigi eða á háskólastigi fyrir þá nemendur sem lokið hafa fjögurra ára framhaldsskólanámi, þar sem boðið er upp á fullt nám sem svarar til fullrar vinnuviku rétt eins og hjá ófötludum.

Flest ríki heims hafa þá stefnu að gera öllum þjóðfélagsþegnum sínum kleift að taka sem mestan þátt í samfélaginu. Félaglegur jöfnuður og gott aðgengi að menntun hefur aukist og er það talið bæði hagkvæmt og réttlátt markmið en krefst



jafnframt sérstakra úrræða gagnvart þeim hópum sem taldir eru á jaðri samfélagsins. Nemendur með þroskahömlun tilheyra hópi sem þarf að taka sérstakt tillit í því samhengi. Ýmsir alþjóðlegir sáttmálar hafa verið gerðir sem tryggja eiga jafnræði þegnanna á flestum sviðum og erum við Íslendingar þátttakendur og höfum undirritað slíka sáttmála. Hin síðari ár hafa slíkir sáttmálar beinst meira í átt að menntun og skólagöngu þar sem skólinn er talinn mikilvægasti mótunaraðili í undirbúningi fyrir samfélagslega þátttöku (Gretar L. Marinósson, 2007).

Íslendingar eiga aðild að Alþjóðasamningi um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi sem samþykktur var á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna árið 1966. Samningurinn var undirritaður árið 1968 og hann fullgiltur árið 1979. Þar kemur fram að framhaldsmenntun í hinum ýmsu myndum skuli gerð aðgengileg með öllum mögulegum ráðum. Með þessum samningi á fatlað fólk rétt á því að stjórnvöld beiti öllum tiltækum ráðum til að gera menntun á öllum skólastigum aðgengilega (Brynhildur Flóvenz, 2004). Í stjórnarskrá lýðveldisins Íslands segir: „Öllum skal tryggður í lögum réttur til almennrar menntunar og fræðslu við sitt hæfi“ (Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, gr. 76). Einnig hljóðar 7. gr. laga um málefni fatlaðra nr. 59/1992 á þá lund að fatlaðir eigi rétt á allri almennri þjónustu ríkis og sveitafélaga og að ávallt skuli leitast við að veita fötluðum þjónustu samkvæmt almennum lögum á sviði menntunar (Brynhildur Flóvens, 2004:118).

Í Salamanca yfirlýsingunni um menntun nemenda með sérþarfir í námi segir: „Við lýsum þeirri sannfæringu okkar að almennir skólar séu virkasta aflið til að sigrast á hugarfari mismununar, móta umhverfi sem tekur fötluðum opnum örmum, móta þjóðfélag án aðgreiningar og koma á menntun öllum til handa“ (Menntamálaráðuneytið, 1995:8). Þegar um er að ræða fullorðið fólk með fötunina þroskahömlun hefur hingað til meira verið litið til atvinnumála og hvernig hægt sé að yfirfæra þá lagalegu menntun sem þau eiga rétt á yfir í atvinnulífið. Í þessu verkefni verður sjónum beint að mikilvægi þess að nemendur með þroskahömlun eigi þann valkost á að stunda frekara nám eftir að framhaldsskólanámi lýkur áður en stefnt er út á vinnumarkaðinn.

## Menntun og menning

Margir fræðimenn hafa skrifað um nám, menntun og menningu. Viðmiðin eru ætíð nemendur sem teljast með eðlilega greind en hæglega er hægt að túlka fræðin fyrir alla, sama hver námsþroskinn er. Í öllu námi er það manneskjan sjálf sem þroskast, vex og dafnar og byggir þar á öllu því sem hún hefur áður reynt og lært. Menntun er ekki eingöngu undirbúningur undir tiltekið starf heldur ræktun mannlegra eiginleika (Vilhjálmur Árnason, 1997:30). „Sönn menntun er skemmtileg og auðgar lífið, enginn er of lítilfjörlegur til þess að geta notið hennar og allir ættu að vera stoltir af því að geta stuðlað að almennum framgangi hennar“ (Eyjólfur Kjalar Emilsson 1986:11).

Um menninguna segir heimspekingurinn Páll Skúlason (1989:166) að hún sé allt það sem gefur lífinu gildi, ómenning allt það sem rýrir gildi lífsins. Menning er því hversdagslegasta fyrirbæri í heimi og fjölbreytt eftir því. Menning er ekki eitt heldur margt og er breytileg eftir því hvernig fólk hugsar, tjáir sig og breytir hvert gagnvart öðru, hvernig það gengur til verka og ræður ráðum sínum. Allt hefur sína menningarlegu hlið. Í daglegu lífi er fólk sífellt að yfirvega menninguna og fella dóma um það sem skiptir eða skiptir ekki máli í lífinu. Við gerum þetta dags daglega meira og minna skipulagslaust. Páll segir einnig að mannleg fræði í heild sinni eru ekki annað en tilraun til að yfirvega skipulega fjölmörg fyrirbæri menningar og þessi skipulega yfirvegum skilar sér á ótal vegu inn í þjóðlífið. Ef við hættum að yfirvega menningu okkar og annarra þjóða þá missum við sjónar á mennsku okkar.

Það sem býr djúpt í *menningunni* og hefur verið lengi með okkur verður gjarnan ósýnilegt eða svo sjálfsagt að við veitum því ekki athygli, segir sálfræðingurinn Jerome Bruner (1996:50). Einnig segir hann að allt sem við gerum sé mótað af þeirri menningu sem við lifum í. Innan hennar leitum við að svörum og mótum okkar hugmyndaheim. Þetta á við okkur öll hvort sem við búum við skerðingu af einhverju tagi eða ekki. Þó má segja að nemendur með þroskahömlun þurfi oftast á því að halda, að það sem talið er sjálfsagðir hlutir séu útbúnir sem námsgrein og kenndir sem slík. Einnig þurfa þeir mun meira svigrúm og lengri tíma í almennu skólanámi til að tileinka sér nám. Því óþroskaðri sem nemandinn er því einfaldari hljóta markmiðin eða áætlanirnar að vera og leiðirnar sem farnar eru einfaldaðar (Dewey, 1938/2000:94).

Bruner (1974:115) heldur því fram að jafnvel þótt uppeldis- og kennslufræðileg kenning sé rétt, viðeigandi og framkvæmanleg geti hún verið áhrifalaus ef hún tengist ekki því sem brýnt er og aðkallandi í þjóðfélaginu. Hann segir að kenningu farnist vel þegar hún er í samræmi við hugmyndir menningar um hlutverk sitt. Hver menning hafi ákveðnar hugmyndir um eðli barnsins og ákveðnar hugmyndir um hvaða kostir eigi að prýða fullorðinn einstakling. Innan hennar sé líka þegjandi samkomulag um það hvað teljist viðeigandi hugmyndir um það hvernig barn þroskast í fullorðinn einstakling. Ef kenningarmiður í uppeldis- og kennslufræði vill hreyfa við menningunni verður hann að móta kenninguna þannig að hún sé í samhengi við þær hugmyndir sem þessi þegjandi samþykkt hefur að geyma. Af þessu má álykta að ef vinna á að breytingum af einhverju tagi í skólastarfi þurfi að taka fullt tillit til nærsamfélagsins og ef þeir aðilar sem að skólastarfinu standa hafa mismunandi menningarlegan bakgrunn þarf að taka tillit til þess í umbótunum, svo um þær verði samstaða og árangur náist.

Í skólasamfélagi nútímans er mikið talað um *einstaklingsmiðað nám* sem byggist á því að sérhver nemandi fær námsefni við hæfi. Þau vinnubrögð hafa lengi tíðkast í kennslu nemenda með sérþarfir að námsefni hefur verið aðlagð og breytt til að ná til nemandans. Einnig er farið að leggja áherslu á að skapa gott námsumhverfi þar sem nemendum líður vel og að ganga út frá því að nemendur læri á ólíkan hátt (Hafþór Guðjónsson, 2005). Þegar um er að ræða nemendur með þroskahömlun eru slík vinnubrögð grundvallaratriði í allri kennslufræði. Þau læra hægar og í mörgum tilfellum á annan hátt en gengur og gerist meðal nemenda sem teljast með eðlilega námsfærni. Það að læra er að afla sér þekkingar en það er svo margt sem við lærum annað en stendur í bókunum eða fræðunum. Fólk tekur ekki eftir mörgu því sem það lærir, eins og hvað er gert og hvernig það er gert og ýmislegt í sambandi við lífshætti og samskipti.

„Hvað þarf til þess að nokkuð eigi skilið að heita menntun?“ spyr Dewey (1938/2000:100). Hann segir að við verðum að leggja okkur fram við að komast að raun um hvað menntun sé og hvaða skilyrðum verði að fullnægja til þess að menntun geti verið raunveruleiki. Til þess að fræðsla í skóla leiði til menntunar bæði fyrir nemandann og samfélagið verði hún að byggjast á reynslu sem alltaf sé raunveruleg lífsreynsla einstaklingsins. Þeir sem standa að kennslu og skipulagi menntunar fyrir nemendur með þroskahömlun verða að spyrja sig þessarar

spurningar áður en tekin er ákvörðunum hvernig nám bjóða á upp á. Á það við nemendur á öllum skólastigum frá leikskóla og upp í fullorðinsfræðslu því alla skólagönguna eru nemendur að bæta við sig þekkingu og byggja ofan á þá sem fyrir er. Eitt af hlutverkum skólakerfisins er að styðja við börn og unglinga að verða fullorðnir, þroskavænlegir einstaklingar sem geta tekið þátt í lífi og starfi þjóðfélagsins.

Bruner (1996:44-50), sem aðhyllist hugsmíðakenningu í sambandi við nám og kennslu, talar um hvernig manneskjan nái einstaklingsbundinni færni og spyr hvernig menntun undirbúi einstaklinga til að taka þátt í þeirri menningu sem líf þeirra og lífsviðurværi byggir á. Hann gagnrýnir það sem er hefðbundið um leið og hann viðrar nýja sýn sem opnar nýjar leiðir. Ekki þarf alltaf að leita nýrra leiða, því ef litið er til Guðmundar Finnbogasonar, heimspekings og fræðimanns, sem skrifaði um lýðmenntun af mikilli framsýni rétt eftir aldamótin 1900, þá eiga fræði hans enn fullt erindi til okkar í dag. Þau eiga ekki síður erindi í umræðuna um nám og menntun þroskahamlaðra nemenda þar sem megináhersla Guðmundar er á mannauðinn sem býr í sérhverri manneskju. „Svo ólíkt sem ytra útlit manna kann að virðast í fljótu bragði eru þeir þó allir líkum lögum háðir“ (Guðmundur Finnbogason, 1903/1994:26). Einnig segir Guðmundur að enginn geti orðið að manni nema í samfélagi annarra manna því frá ættinni erfum við atgervi líkama og sálar en frá mannfélaginu fáum við það sem veiti manneðli okkar næringu, vöxt og viðgang. Námið verður sannmenntandi þegar leitast er við að sníða starfið eftir þroskastigi nemandans svo að hann fái aukna ánægju og áhuga á að neyta krafta sinna og verða sífellt leiknari í að nota þá (Guðmundur Finnbogason, 1903/1994:33; 66).

### **Að vera fatlaður**

Það, hver telst fatlaður og hvers vegna, er háð mismunandi sýn á fötlun í samfélaginu og því við hvað er miðað við flokkun og samanburð frá einu samfélagi til annars (Dóra S. Bjarnason, Gretar L. Marinósson, 2007). Hina hefðbundnu hugmynd um fötlun má rekja til læknavísinda og heilsufélagsfræði en hún er líka ríkjandi innan annarra fræðigreina eins og félagsvísinda og menntunarfræða. Læknisfræðilegt sjónarhorn hefur því haft mikil áhrif á þann skilning sem lagður er í líf og aðstæður fatlaðra (Rannveig Traustadóttir, 2006).

Dóra S. Bjarnason (2003) tekur undir með Rannveigu Traustadóttur og telur að hið einstaklingsbundna og læknisfræðilega líkan af fötlun sé ríkjandi hjá fagfólki og leikmönnum. Það stýri því hvernig litið sé á þann vanda sem fatlað fólk þarf að takast á við og dragi upp þá mynd af börnum og ungu fólki með fötlun að þau skorti eitthvað, séu brjóstumkennanleg, ófullkomnar mannverur sem séu veik og þurfi því umönnun og góðmennsku, þjálfun, viðgerð eða lækningu.

Rannveig (2006) bendir jafnframt á annað sjónarhorn sem nefnt er hið félagslega sjónarhorn á fötlun og á rætur í gagnrýni á hina læknisfræðilegu skilgreiningu. Sú skilgreining felur í sér róttæka endurskilgreiningu á fötlun með því að líta á félagslegar hindranir sem settar séu af hinum ófatlaða meiri hluta eins og neikvæð viðhorf, fordómar og aðgengi sem takmarki möguleika fatlaðs fólks til athafna. Þessi skilgreining hefur verið talsvert gagnrýnd þar sem reynsla ákveðins hóps með fötlun, t.d. fólks með þroskahömlun, falli ekki að henni (Brynhildur Flóvenz, 2004:37).

### **Þroskahömlun**

Á vef Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins er skilgreining á hugtakinu þroskahömlun eftir Tryggva Sigurðsson (2003) sérfræðing í fötlunum barna. Þar segir að þroskahömlun sé algengasta fötlun barna. Talið er að um 1% af fæddum börnum í hverjum árgangi falli undir þessa skilgreiningu þannig að nálægt 40 einstaklingar fæðast hérlendis á ári hverju með slíka fötlun.

Orsakir þroskahömlunar eru margvíslegar, t.d. litningagallar, fæðingargallar, erfðagallar og skaðleg áhrif á fösturþróun. Þótt þroskahömlun einstaklinga sé skilgreind sem ein tegund fötlunar er í raun um að ræða fjölmarga hópa þar sem fötlun er á mismunandi stigi og orsakir ólíkar. Til eru tæplega 500 þekkt heilkenni sem leitt geta til þroskahömlunar, sem sýnir hversu fjölbreyttur og sundurleitur sá hópur er sem fellur undir skilgreininguna.

Þroskahömlun einkennist af marktækum frávikum á vitsmunapróska, tungumáli, hreyfingum ásamt erfiðleikum í félagsþroska og hegðun. Færni einstaklinga með þroskahömlun ræðst af stigi fötlunar þeirra en ekki síður af þeirri aðstoð sem þeim og fjölskyldum þeirra hefur staðið til boða og kallast snemmtæk íhlutun. Stærstur hluti einstaklinganna telst vera með milda eða væga þroskahömlun en því fylgja þó alltaf umtalsverðir erfiðleikar í þroska. Flestir einstaklingar með fötlun á þessu stigi ná nokkru sjálfstæði á fullorðinsárum þótt

alltaf sé þörf á einhverri aðstoð, t.d. vegna búsetu og atvinnu (Tryggvi Sigurðsson, 2003). Staðfesting á þroskahömlun er oftast byggð á margþættri athugun sem gerð er í samráði við sérfræðinga á fleiri en einu fagsviði sem styðjast við alþjóðlega viðurkennd viðmið og flokkunarkerfi (Tryggvi Sigurðsson, 2000).

Þroskahömlun hefur verið skipt í fjögur stig eftir alvarleika fötlunarinnar og er hér vísað til skilgreiningar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, World Health Organization frá 1992, ICD - 10: Alþjóðleg tölfraðiflokkun sjúkdóma og skyldra heilbrigðisvandamála. Væg þroskahömlun (IQ 50–69), miðlungs alvarleg þroskahömlun (IQ 35–49), alvarleg þroskahömlun (IQ 20–34) og djúp þroskahömlun (IQ undir 20). Þýðingin er sótt til Greiningar- ráðgjafarstöðvar ríkisins og er IQ tákn fyrir heitið greindarvísitala. Samkvæmt þessari flokkun er þroskahömlun ekki óbreytanlegt ástand og sérstaklega er tekið fram að greindarþroski og félagsleg aðlögunarhæfni geti aukist vegna þjálfunar og endurhæfingar (Tryggvi Sigurðsson, 2000).

Sjónarhorn félagslegra líkana á fötlun hafa haft áhrif á nýja gerð flokkunarkerfis Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar WHO. Ný útgáfa alþjóðlega flokkunarkerfisins um færni, fötlun og heilsu (ICF) kom út 2001 og leysti af hólmi eldra flokkunarkerfi (ICIDH) sem byggði á sjónarhorni læknisfræðinnar. Hin nýja útgáfa leggur til grundvallar skilgreiningu á heilbrigði fremur en á sjúkdómum og tekur mið af félagslegu samhengi og þátttöku einstaklingsins í samfélaginu auk líffræðilegra þátta (Dóra S. Bjarnason og Gretar L. Marinósson, 2007). Ástæða þess að birta eldri útgáfu af flokkuninni er sú að hún er enn í notkun hér á landi og mjög ríkjandi í hugum fólks sem starfar í menntakerfinu og félagslega kerfinu þegar verið er að flokka nemendur með þroskahömlun er kemur að þjónustu við þau, námslega og félagslega. Það mun eflaust taka einhverja áratugi að breyta því almenna viðhorfi að greindarvísitala sé það mælitæki sem nota skal í stað hins félagslega styrks sem fólk öðlast með auknum þroska. Eins og fyrr greinir fæðist um 1 % manna með þroskahömlun en þeim fjölgar þegar einstaklingar eldast vegna veikinda eða alvarlegra slysa sem gerir það að verkum að þeir hljóta varanlega andlegan skaða. Upplýsingar skortir um hlutfall barna og unglunga með þroskahömlun og alvarleg þroskafrávik hér á landi, þegar um heildarfjölda er að ræða og hversu hátt hlutfall af hópnum gengur í skóla (Gretar L. Marinósson og Auður B. Kristinsdóttir, 2007).

## **Mennskan og sjálfræði**

Ástríður Stefánsdóttir læknir og siðfræðingur (2006) hefur skrifað um siðferðilega sýn á mennskuna sem birtist í samskiptum og er grundvöllur virðingar okkar fyrir öðrum einstaklingum. Í þeim tilvikum þar sem einstaklingur á erfitt með að tjá sig, sem getur stafað af fötlun, aldri eða því að vera af erlendu bergi brotinn, kemur það oft fyrir að aðrir í umhverfinu virða hann ekki viðlits. Það er eins og einstaklingurinn birtist öðrum ekki sem manneskja með tilfinningar og skoðanir heldur sé mennta hans hulin. Í þessari sömu grein kemur fram að sjálfræði er grundvallarhugtak í siðferðilegri umfjöllun og merkir það einfaldlega að ráða sér sjálfur. Í slíkri yfirlýsingu felst sú sýn á einstaklinginn að hann sé gerandi. Þannig tengist sjálfræði hugmyndum okkar um að hafa persónuleika og þeirri hugmynd að gera sér grein fyrir því hver maður er, geta síðan fylgt þeirri hugmynd eftir í daglegu lífi (Ástríður Stefánsdóttir, 2006).

„Virðingin er forsenda sjálfræðis í þeim skilningi að til að sjálfræði sé virt þarf einstaklingurinn að hafa rými til athafna. Hann þarf að hafa svigrúm til að koma vilja sínum í framkvæmd“ (Ástríður Stefánsdóttir, 2006). Með því að hafa þessi siðfræðilegu viðmið í starfi með þroskahömluðu fólki er stuðlað að frekari þroska einstaklingsins en með þroska er átt við vöxt þeirra eiginleika sem eru mönnum eðlislægir. Að þroskast er að menntast og það að menntast er þá að verða *meira* maður ekki *meiri* maður, í þeim skilningi að þeir eiginleikar sem gera manninn mennskan fái notið sín, vaxi og dafni eðlilega (Páll Skúlason, 1987:305). Menntun einstaklinga með þroskahömlun hlýtur því að byggja á að á öllum aldurstigum sé markmiðið að styrkja þá til frekara sjálfstæðis með það í huga að auka lífsgæði og styðja við sjálfsákvörðunarrétt þeirra.

## **Sjálfsæfing og valdefling**

Í grein sinni *Valdefling - Glíman við margrætt hugtak* lýsir Hanna Björg Sigurjónsdóttir (2006) glímunni við að skilgreina hugtakið „empowerment“, valdeflingu eða sjálfsæfingu, sem notað hefur verið í tengslum við ýmsa minnihlutahópa frá því á sjöunda áratug 20. aldar. Hugtak þetta hefur orðið mun mikilvægara í réttindabaráttu fatlaðs fólks á síðustu árum. Hanna Björg kýs að nota orðið valdefling og er það orð notað í þeim íslensku fræðum sem fjalla um fatlað fólk á Íslandi. Orðið sjálfsæfing er mun skýrara þegar um er að ræða að efla sig sem einstakling, verða styrkari og sjálfstæðari en valdefling tengist *meira*

Því að hafa vald yfir aðstæðum sínum og þar með að hafa meiri áhrif á líf sitt. Þannig hlýtur sjálfsefning að falla undir hugtakið valdefling, sem verður eins konar yfirheiti yfir þær aðstæður sem tengjast lífsgæðum og mannréttindum.

Að hindra valdeflingu fatlaðs fólks felur í sér valdskerðingu. Innan félagsvísindanna beinast rannsóknir nú í vaxandi mæli að því hvernig einstaklingar geti valdeflst og hvernig úrræði og stefnumótun geta stuðlað að valdeflingu. (Hanna Björg Sigurjónsdóttir, 2006). Fáir hópar samfélagsins eru jafn undirokaðir og valdalitlir og fólk með þroskahömlun og algengt er að það hafi verið útilokað og útskúfað í samfélaginu allt sitt líf, bæði félagslega og efnahagslega (Ramcharan o.fl., 2000). Ef spurt er af hverju upplifun fólks og samfélagsleg ímynd sé slík, má rekja það til læknisfræðilegu hugmyndanna um fötlun sem eiga sér rætur í áhrifavaldi sérfræðinga og tækni þeirra til að bera kennsl á og flokka skerðingar. Undirokun fólks með þroskahömlun stendur djúpum rótum og erfitt er að breyta viðhorfum gagnvart þeim (Hanna Björg Sigurjónsdóttir, 2006).

Fræðimenn hafa verið nokkuð harðorðir í skrifum sínum um almennt viðhorf til þroskahamlaðra sem og það flokkunarkerfi sem er ríkjandi og segja meðal annars: „Velferðarríkið og þjónustukerfi þess; sérskólar og sérdeildir í almennum skólum, sem og frístunda-, búsetu-, og atvinnuúrræði fyrir fólk með fötlun eru skipulögð út frá þessu. Börn og ungt fólk með fötlun eru þar af leiðandi brennimerkt og oft (meira eða minna) hindruð í eðlilegri þátttöku við almennar aðstæður“ (Dóra S. Bjarnason, 2003). Nokkuð er ljóst út frá þessum niðurstöðum fræðimannanna að vanda þarf vel til verks þegar byggja á upp framhaldsnám fyrir fullorðið fólk með fötlunina þroskahömlun og nauðsyn þess að leggja mikla áherslu á sjálfsefningu og valdeflingu í markmiðsetningu menntunarinnar.

## **Fullorðinshlutverk**

Hvaða eiginleika þarf einstaklingur að hafa til að geta komist í fullorðinna manna tölu? Svör við þessum spurningum hljóta að verða að liggja nokkuð ljóst fyrir þegar nám fyrir fullorðið fólk með þroskahömlun er haft í huga. Hvað er það sem kemur einstaklingi að notum til að takast á við fullorðinshlutverkið?

Það að hljóta stöðu og hlutverk fullorðins tengist ekki fjölda afmælisdaga, heldur hinu að samfélagið virði og viðurkenni að tiltekinn einstaklingur sé



fullorðinn. Slíkt er staðfest í samskiptum okkar með orðum og öðrum táknum. Erfitt er að segja nákvæmlega til um það hvenær við færumst úr hlutverki unglings yfir í hlutverk fullorðins (Dóra S. Bjarnason, 2003) Fullorðinshlutverkinu lýsir Dóra jafnframt sem félagslegri hugsmið sem byggir merkingu og innihald á menningu og félags- og efnahagsgerð samfélagsins.

Gestur Guðmundsson (2000) bendir á að vegna víðtækra þjóðfélagsbreytinga séu mörk umskiptanna frá barnæsku til fullorðinsára óljósari nú en áður. Á hann þá meðal annars við leiðina úr skóla út í atvinnulíf, borgarvæðingu, stéttaskiptingu, breytingar á fjölskyldunni og hlutverk jafningjahópa. Ýmsar hindranir eru í vegi fyrir því að fatlað fólk geti tekið sér stöðu hins fullorðna. Þær snerta mörg mismundandi svið eins og menntun, búsetu, atvinnumál, fjárhagslegt sjálfstæði, félagsleg tengsl, kynlíf og tólmstundir (Hrafnhildur Ragnarsdóttir, 2005).

Í grein sem Dóra S. Bjarnason (2003) hefur tekið saman úr doktorsritgerð sinni þar sem hún fjallar um ungt fatlað fólk og fullorðinshlutverk þeirra, segir hún í niðurstöðum, að allir þátttakendurnir í rannsókn hennar þurfi stuðning við að axla hlutverk fullorðins. Stuðningurinn að mati Dóru ætti að stuðla að tengslum þess við aðrar manneskjur í samfélaginu og/eða fötlunarmenningu að eigin vali. Ungu fólk með líkamlegar fatlanir og skynfatlanir þarf aðgengi og stuðning sem tekur ekki af því ráðin af misskilinni góðvild. Heldur þarf það úrræði, tæknilega aðstoð, fé og tækifæri til þátttöku í námi og lífi í samfélaginu til að geta axlað fullorðinshlutverk. Auk þess þarfnast ungt fólk með þroskahömlun að vera umkringgt táknum sem staðfesta stöðu þess sem fullorðinna einstaklinga. Ef dregin er ályktun af niðurstöðum Dóru, hlýtur sá möguleiki að eiga kost á að stunda nám við hlið ófatlaðra á sama aldursskeiði, að vera besti kosturinn.

### **Lífsgæði og lífsleikni**

*Lífsleikni* er hugtak sem sést í námskrám á öllum skólastigum skyldunáms og er einnig orðin að skyldunámshugmynd í framhaldsskólum hjá nemendum á fyrsta ári. Á öllum aldurstigum er markmiðið að efla félags- og tilfinningaþroska nemenda en það hefur að geyma siðvit og virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, að rækta með sér andleg verðmæti og líkamlegt heilbrigði, auk þess að styrkja aðlögunarhæfni til að takast á við kröfur og áskoranir í daglegu lífi (Aðalnámskrá framhaldsskóla, 1999:6).

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin WHO gaf út rit árið 1994 þar sem fram koma skilmerkilegar hugmyndir um mikilvægi þess að nýta kennslu í lífsleikni í tengslum við almenna vellíðan og heilbrigði og ekki síður við forvarnir. Samkvæmt þessum hugmyndum er nauðsynlegt að kenna eða þjálfa ákveðinn kjarna færniþátta sem eru að taka ákvarðanir, að leysa mál, skapandi hugsun, gagnrýnin hugsun, góð tjáskipti góð samskiptahæfni, sjálfsvitund, hæfileiki til að sýna samhygð, að takast á við tilfinningar og að takast á við álag og streitu. Einnig kemur fram hvernig færniþættir lífsleikni tengjast þekkingu, viðhorfum og gildum og jákvæðri hegðun sem byggt er á, og eru þannig liður í að fyrirbyggja hegðun sem hefur neikvæð áhrif (Aldís Yngvadóttir, 2004:5).

Huga þarf vel að því hvað telst til lífsgæða í samfélagi nútímans þegar mennta á fullorðið fólk með þroskahömlun. *Lífsgæði* eða verðmæti eru tengd við mannfélagið sjálft, segir Páll Skúlason (1987:376–380). Hann telur að skipta megi verðmætum í þrjá flokka. Í fyrsta lagi *efnahagsleg verðmæti* sem séu þau verðmæti sem fólk þurfi sér til lífsviðurværis. Það er eins og matur, drykkur, húsaskjól og fatnaður. Einnig séu það þau verðmæti sem fólk þurfi að eiga eða hafa umráð yfir eins og tæki og muni til að létta lífsbaráttuna og lífga upp á umhverfi sitt.

Í öðru lagi nefnir Páll *menningarverðmæti* sem falli undir það sem fólki finnst gott og skemmtilegt og skerpir á lífsskynjun þess, lönguninni til að vera til. Listir, leikir, vísindi og íþróttir eru í þessum flokki og allt sem tengist því eins og listaverk, bækur, myndbönd o.fl. Allt það sem gerir fólki kleift að þroskast á marga ólíka vegu.

Í þriðja lagi nefnir hann *siðfræðileg verðmæti* sem lúti að mannlegum samskiptum, hvernig tengslum manna á milli er háttað, hvernig maður breyti gagnvart öðrum, hvernig ákvarðanir séu teknar og hvað hver og einn gerir úr lífi sínu.

Þessum þremur þáttum þarf að gera góð skil þegar skipuleggja á nám sem hefur það að markmiði að styrkja ungt fólk með þroskafrávik. Það að geta notið lífsgæða krefst þess að fólk kunni að beita lífsleikni í daglegu lífi. Hafa þarf í huga að fólk með þroskahömlun hefur takmarkaðri möguleika á því að taka þátt í félagslegum samskiptum en aðrir, ef stuðningur og túlkun er ófullnægjandi. Það getur stafað af erfiðleikum við aðgengi að táknerfi samfélagsins, eins og

tungumálinu, og möguleika að velja það sem í boði er (Gretar L. Marinósson o.fl., 2007).

Í þessum kafla hefur verið sagt frá þeim fræðum sem talið er að þurfi að liggja til grundvallar við skipulag náms og innihald þeirrar menntunar fyrir fullorðið fólk með þroskahömlun. Í næsta kafla verður farið yfir þær leiðir sem notaðar voru við gagnaöflun til að fá hugmyndir að slíku námi eftir að framhaldsskóla lýkur.

## 2. Aðferðir við gagnaöflun verkefnisins

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir þeim leiðum sem notaðar voru til að afla gagna og viðeigandi upplýsinga til að ná fram markmiðum verkefnisins. Sagt er frá þeim aðferðum sem notaðar voru og þær útskýrðar. Einnig hvert farið var í vettvangsathugununum og að lokum fjallað um siðferðileg atriði og gildi verkefnisins.

### Markmið og rannsóknarspurningar

Markmið verkefnisins er að leita svara við því *hvernig nám* getur tekið við eftir að námi í framhaldsskóla lýkur fyrir fullorðið fólk með þroskahömlun. Auk þess að fá hugmyndir um hvernig hægt sé að útbúa slíkt nám hér á landi, hvað slíkt nám eigi að fela í sér til að það gagnist og styrki fólk til betra lífs. Jafnhliða er hugmyndinni komið á framfæri hjá háskólastofnun ásamt því reyna að fá ráðuneyti menntamála og félagsmála í samstarf um fullorðinsmenntun fólks með þroskahömlun.

Meginviðfangsefnið er að skoða skólakerfið á Nýja-Sjálandi og bera það saman við það íslenska. Nýsjálendingar hafa unnið með skólastefnuna „skóli án aðgreiningar“ (*inclusive education*) mun lengur en Íslendingar auk rannsókna í fötlunarfræðum. Gott orðspor fer af þeim í almennri skólaumræðu, og talið að þeir leggi mikinn metnað í skólastarf sitt og hugi vel að nemendum með sérþarfir, með skóla án aðgreiningar í huga. Einnig er skoðuð lýðháskólamenntun í Svíþjóð og Danmörku þar sem hugmyndafræði þeirrar menntunar er fyrst og fremst mátuð við hugmyndir þær sem kvikna við gerð þessa verkefnis.

Í verkefninu verður leitast við að svara eftirfarandi spurningum:

- Hvernig nám er í boði fyrir ungt fólk með þroskahömlun á Nýja-Sjálandi?
- Hvernig fellur hugmyndafræði lýðháskólanna á Norðurlöndum að menntun fyrir fullorðið fólk með þroskahömlun?

- Hvernig nám gæti tekið við að loknu framhaldsskólanámi fyrir fullorðið fólk með þroskahömlun á Íslandi?

## **Aðferðir**

Nokkrar leiðir voru notaðar til að safna upplýsingum og greina þau gögn sem aflað var. Notaðar voru aðferðir eigindlegra rannsókna og voru vettvangsathuganir, viðtöl og skjalgreining þær helstu.

**Vettvangsathugun** er sú aðferð sem flestir rannsakendur eigindlegra rannsókna safna upplýsingum með. Þeir fara til fólksins sem þeir vilja skoða eða rannsaka, eða þangað sem málefnið/upplýsingamiðlunin er staðsett og fylgjast með því sem fram fer. Mikilvægt er að vera meðvitaður um að vettvangsathuganir eru undirstaða flestra eiginlegra rannsókna. Huga þarf vel að því að ekki er sama að rannsaka í eigin landi og í öðru landi þar sem annar menningarbakgrunnur og annað tungumál er til staðar (Bogdan, R. og Biklen, S. 1998). Til að nálgast upplýsingar voru ýmsir skólar heimsóttir á Nýja-Sjálandi.

**Skjalagreining** var notuð þar sem ýmsar staðreyndir voru sóttar á Netið. Skoðað var hvernig framkvæma skuli lög og reglur um skólagöngu unglunga með þroskahömlun bæði á Íslandi og Nýja-Sjálandi. Gagna var aflað af ýmsum heimasíðum menntamálaráðuneyta, félagsmálaráðuneyta, skóla og félagasamtaka. Einnig var skoðuð tilfærsla nemenda úr framhaldsskóla yfir í fullorðinsmenntun í löndunum tveimur.

Heimsóttir voru skólar á öllum skólastigum á Nýja-Sjálandi, aðallega þó á unglingastigi og þeir skoðaðir með það í huga að átta sig á skipulagi skólustarfsins. Sérstaklega var rýnt í hvernig nemendum með þroskahömlun er kennt, við hvaða aðstæður og hvernig tilfærslu af unglingastigi á fullorðinsstig er mætt.

**Viðtöl** í eigindlegum rannsóknum geta verið með tvennum hætti. Annars vegar sem ríkjandi aðferð við gagnasöfnun og hins vegar unnar í samspili þátttakenda athugunar, gagnagreiningu heimilda eða annarri tækni (Helga Jónsóttir, 2003).

Tekin voru viðtöl þar sem talað var við þá aðila sem skipuleggja skólastarfið og leitast var við að ná fram upplýsingum um þá hugmyndafræði sem liggur að baki náminu og hvernig kennslufyrirkomulagið er. Þá var reynt að komast að því hvernig námi (fram tíð) stefnt er að í lok framhaldsskóla varðandi fólk með þroskahömlun. Rætt var við stjórnendur og kennara skólastofnana og starfs- og námsleiða fyrir fullorðna með fötlun. Notuð var aðferð opinna viðtala, þar sem umræðuefnið er ákveðið af rannsakanda sem ræðir við viðmælanda á jafnréttisgrunni. Umræðuefnið var ákveðið fyrirfram en ekki innihald samræðnanna. Viðtölin voru mismunandi og innihald umræðunnar var ekki alltaf það sama þó viðfangsefnið væri það.

Um opin viðtöl segir Helga Jónsdóttir (2003) að það þurfi að setja vissan ramma en það sé síðan ákvörðunatriði hvernig honum sé fylgt eftir en það fari eftir rannsóknarspurningunni og aðferðafræðilegum forsendum. Rannsakandi getur tekið ákvörðun hversu nákvæmlega hann ákvarðar efnisatriði og efnistöð í viðtali. Aðalatriðið er að rannsakandi gæti þess að umræðuefnið sé viðfangsefni verkefnisins og sé eins lítið stýrandi og honum er unnt. Slík rannsóknarviðtöl eiga að hafa skýran tilgang og þarfnast nákvæms undirbúnings. Haft var í huga að fylgja þessum fyrirmælum eins vel og kostur var.

Í þessu verkefni eru atburðir, hugrenningar og skynjun auk staðreynda (lög, reglur, námskrár) þeir þættir sem viðtölin ganga út frá. Viðtalið er aðeins eitt við hvern þátttakanda en rannsakandi tryggði sér möguleika á að geta nálgast frekari upplýsingar hjá viðkomandi ef þurfa þótti.

Viðtöl eru tekin við skólastjórnendur þeirra skóla sem heimsóttir voru en auk þess var talað við kennara og aðra starfsmenn, ýmist einstaklingslega eða í hóp. Áður en vettvangsathuganir og viðtöl í skólum á Nýja-Sjálandi áttu sér stað var kennaradeild háskólans í Auckland heimsótt og tekið viðtal við tvo sérkennslusérfræðinga skólans. Viðtölin eru síðan skráð, dregnar saman upplýsingar um þau atriði sem rannsakandi er að leitast eftir að ná fram ásamt lýsingu á vettvangi sérhvers staðar sem heimsóttur var.

## **Vettvangsathuganir á Nýja-Sjálandi**

Gerðar voru vettvangsathuganir í nokkrum skólum á öllum skólastigum á Nýja-Sjálandi. Áhersla var lögð á að skoða eldri stigin með það í huga að rýna í skipulag tilfærslu milli skólastiga ásamt kennslufræðilegri útfærslu. Eftirtaldir skólar voru skoðaðir:

- Heildstæður sérskóli með nemendum frá 5–21 árs.
- Grunn- og framhaldsskóli með nemendum frá 5–18 ára (21 árs nemendur með þroskahömlun). Auk þess var heimsóttur sérskóli sem tengist almenna skólanum sem ráðgjafaraðili fyrir sérkennslunemendur og kennara.
- Framhaldsskóli með nemendum 13–18 ára (21 árs). Skóli sem hefur enga sérdeild heldur sérkennsluver þar sem allir nemendur með námsvanda fengu stuðning og kennslu.
- Framhaldsskóli, nemendur 13–18 ára ( 21 árs), með sérdeild fyrir nemendur með þroskahömlun.
- Tækniskóli á háskólastigi með tveggja ára heildstætt nám í sérdeild fyrir fullorðið fólk með þroskahömlun.. Hluti námsins er starfsþjálfun úti á almennum vinnumarkaði.
- Kennslu- og starfsþjálfunarstaður fyrir fullorðna nemendur með fötlun þar sem markmiðið er að koma nemendum út á hinn almenna vinnumarkað. Boðið er upp á samfellt nám, hluta úr degi eða allan daginn, einnig námskeið þar sem nemendur geta komið einu sinni í viku eða oftar.

## **Vettvangsathuganir í lýðháskólum í Svíþjóð og Danmörku**

Vettvangsathugun var gerð í tveimur skólum. Annar skólinn er í Svíþjóð, og er með skipulagt nám fyrir nemendur með seinfærni og þroskahömlun auk annarra námstilboða. Hinn skólinn er í Danmörku en algengt er að íslensk ungmenni sækji sér menntun í danska lýðháskóla. Í Kaupmannahöfn er staðsettur lýðháskóli sem býður nemendum frá öllum Norðurlöndunum velkomna og hefur sá skóli verið mjög vinsæll síðustu ár hjá íslenskum ungmönnum.

## **Siðferðileg atriði**

Heimsóknir voru allar vel undirbúnar og beðið var um leyfi fyrir sérhverri heimsókn. Móttökuaðili vissi ávallt hver tilgangurinn var og hvaða upplýsingum var leitað eftir. Samband var haft við viðmælendur og þeir ákváðu tíma og tilhögun heimsóknarinnar. Þeir voru látnir vita að samtöl ásamt vettvangslýsingum yrðu skráð og að leitast yrði við að hafa rétt eftir þeim.

## **Gildi verkefnisins**

Þar sem þetta verkefni fellur undir skilgreininguna starfstengt loka verkefni er mikilvægasti hluti þess að koma því í ferli sem á að vinna með og láta reyna á í framtíðinni. Verkefnið sjálft er grunnur að frekari uppbyggingu náms fyrir fatlað fólk með þroskahömlun. Í framhaldinu verður hægt að hefja vinnu við skipulag og námskráargerð á nýju námi fyrir það fólk sem ekki getur notið náms sem gerir kröfur á árangur í formi einkunna.

Eins og fram kemur í inngangi þá eru þegar hafnar viðræður um hvort möguleiki sé að koma slíku námi fyrir á háskólastigi. Háskólinn í Reykjavík varð fyrir valinu þar sem hann býður upp á nám í lýðheilsufræðum, íþróttافرæði og kennslufræði með það í huga að hugsanlega sé mögulegt að tengja og skipuleggja samvinnu við þá braut. Vonandi getur umræðan orðin að veruleika áður en langt um líður.



### 3. Nýja-Sjáland

Í þessum kafla er aðalviðfangsefnið skólakerfi Nýja-Sjálands og er það skoðað með því markmiði að greina hvernig nám unglíngum og fullorðnu fólki með þroskahömlun er boðið upp á þar í landi. Skoðað er hvernig tilfærslu nemenda á milli skólastiga og síðan út í fullorðinslíf er háttáð þar í landi í samanburði við Ísland. Til að nálgast þessar upplýsingar og öðlast skilning á þjóðinni verður fyrst skoðaður uppruni lands og þjóðar. Samfélagið nú á dögum er skoðað og borið tölfræðilega saman við það íslenska. Stærsta borg landsins, Auckland, er skoðuð út frá samsetningu þjóðarinnar því menningin hefur mikil áhrif á skólakerfið. Flestar vettvangsathuganirnar sem lýst er eiga sér stað í Auckland. Sérkennslan er skoðuð út frá kennslu nemenda með þroskahömlun, bæði á framhaldsskólastigi og fullorðinsmenntun. Lýst er heimsóknnum í nokkra skóla á öllum skólastigum þar sem leitað verður að hugmyndum sem hægt væri að læra af Nýsjálendingum ásamt vinnubrögðum sem hagstætt væri að taka inn í fullorðinsnám fyrir íslensk ungmenni með þroskahömlun.

#### Land og þjóð

Frá sjónarhorni þeirra sem búa á norðlægum slóðum er Nýja-Sjáland víðs fjarri umheiminum en í raun er landið ekki í ólíkri stöðu og Ísland að því leyti nema hvað landið er hinum megin á hnettinum.

Nýja-Sjáland er eyland sem samanstendur af tveimur eyjum, norðurey og suðurey, sem hvor um sig eru töluvert stærri en Ísland og er landið í þriggja flugtíma fjarlægð frá stóru menningarsvæði, Ástralíu. Flugleiðin til Los Angeles í Bandaríkjunum tekur 12 tíma og þaðan til Bretlands um 10 tíma. Þetta eru helstu löndin sem Nýsjálendingar hafa samband við en einnig eru þeir í miklu viðskiptasambandi við Asíulönd.

Nýsjálendingar eru rúmlega fjórar milljónir og er þjóðin samsett af Maorum sem eru frumbyggjar landsins, Evrópubúum sem eru flestir frá Bretlandi, Eyjabúum (South Pacific Islanders) sem eru frá nálægum eyjum í Suður-

Kyrrahafi og síðan eru þar Asíubúar en þeim hefur fjölgað mest síðustu ár (New Zealand in History, 2007).

Í nýjum hagtölum landsins (Hagtölur Nýja-Sjálands, 2007) kemur fram skipting þjóðarinnar eftir uppruna fólks:

- Evrópubúar 67,6 %
- Maoriar 14,6 %
- Asíubúar 9,2 %
- Eyjabúar 6,9 %
- Annar uppruni 1,7 %

Þessar tölur sýna að á Nýja-Sjálandi býr mjög fjölmennarleg þjóð og að mörgu er að hyggja þegar skólamál eru annars vegar. Margir nemendur teljast af þessum sökum til þeirra sem þurfa á viðbótarstuðningi að halda eða eru nemendur með sérþarfir vegna tungumálaörðugleika og hafa ólíkan menningarbakgrunn vegna uppruna síns, oft af trúarlegum ástæðum.

Til að bera saman Nýja-Sjáland og Ísland frá ýmsum hliðum er sett hér fram tafla með samanburði á ýmsum þáttum í landfræðilegu og menningarlegu samhengi ásamt samanburði á lífsafkomu þjóðanna (OECD, 2006, 2007a, 2007b).

	<b>Nýja-Sjáland</b>	<b>Ísland</b>
Stærð km <sup>2</sup>	271.000	103.000
Íbúafjöldi árið 2006	4.150.000	310.000
Meðalaldur (lifandi íbúa)	35,9	35,9
0-14 ára %	21,5	21,3
15-64 ára %	66,4	67,0
65+ ára %	12,1	11,7
Lífslíkur	79,2	81,0
Þátttaka í verkalýðsfélögum 2004 % <sup>1</sup>	21,1	94,2
Þjóðarframleiðsla á mann 2005 US\$	25.950	36.183
Hagvöxtur (meðalt.2001-2005)	3,6	4,2
Atvinnuleysi 2006 %	3,7	2,6
Opinber útgjöld til menntamála % af þjóðarfrl. 2005	5,53	6,15
Frammistaða í stærðfræði (sæti) PISA 2003	9	11
Frammistaða í stærðfr. á öllum getustigum (sæti) PISA 2003	9	8

<sup>1</sup> Hlutfall launþega 2004

## Uppruni Þjóðarinnar

Nýsjálendingar eru ung þjóð eins og Íslendingar og enn í dag greinir menn á um hvenær fyrstu landnámsmennirnir settust þar að. Nú er talið að fyrstu landnemar hafi sest að á 13. öld sem var tími mikilla siglinga og landafunda Pólynesa. Aoteoroa - Maoriska nafnið á Nýja-Sjálandi þýðir land hvíts langa skýs. Nafnið Nýja-Sjáland kom þó ekki í notkun fyrr en eftir að Evrópubúar settust þar að og er þar vísað til Zeeland sem er hérað syðst í Hollandi, en ekki til hins danska Sjálands. Árið 1642 kom fyrsti Evrópubúinn til landsins en hann settist ekki að og liðu rúm 100 ár þar til næsti landkönnuður kom eða 1769. Það var síðan 1790 sem fleira fólk kom til landsetu, hvalveiðimenn, kaupmenn og trúboðar. Stöðug stríð og átök með vopnaburði, spjótum og kylfum voru á milli Evrópubúanna og frumbyggjanna, Maori-fólksins.

Í dag er Nýja-Sjáland sjálfstæð þjóð innan breska samveldisins. Breska konungsveldið hefur ekkert hlutverki í stjórnskipulagi landsins og þingsins þrátt fyrir að fulltrúi þess sé lögbundin þjóðhöfðingi (*Head of State*). (King, 2003; New Zealand in History, e.d.).

## Maori

Nafnið Maori þýðir „*the local people*“ eða frumbyggjar og sagt er að það hafi fest við þá fyrir árið 1815. Tákn nafnsins var andstæða við hvítu Evrópubúana sem voru hinir nýinnfluttu eða Pakeha.

Maorar voru nánast á steinaldarstigi þegar Evrópubúar fluttust til landsins á 18. öld með járn með sér og mun þróaðri atvinnuhætti. Áður en Maorar kynntust járninu notuðu þeir tré, bein, tennur dýra og manna m.a. í nytjahluti og vopn.

Allt fram til 1840 var lítill friður milli evrópskra innflytjenda og Maora en það ár, nánar tiltekið 6. febrúar, var gerður friðarsáttmáli kenndur við hafnarbæinn Waitangi, nyrst á norðureynni. Í þeim sáttmála tryggja Bretar sér að landið er nýlenda þeirra en um leið er viðurkennt að Maorar hafa full réttindi breskra þegna sem og eignarrétt á landi og öðrum eignum (King, 2003; New Zealand in History, e.d.).

Í dag ber samfélagið þess merki að menning og tungumál Maora nýtur viðurkenningar og virðingar landsmanna. Til marks um það er að maoriska kveðjan *Kia ora*, sem merkir ósk um heilbrigði og hreysti, er nú eðlilegur hluti af

þeirri ensku sem töluð er í landinu. Þannig byrja flestir þarlendir menn ræður sínar á þessum orðum þegar þeir ávarpa samkomu og fréttapulir sjónvarpsstöðva bjóða gott kvöld og síðan segja þeir Kia ora strax á eftir. Menningu Maora er haldið mikið á lofti og er aðalaðdráttaraflíð fyrir ferðaþjónustu Nýsjálendinga.

## **Auckland**

Höfuðborg Nýja-Sjálands er Wellington en stærsta borgin er Auckland og eru báðar borgirnar staðsettar á norðureyju landsins. Þær skólaheimsóknir sem farnar voru áttu sér flestar stað í Auckland sem er um leið sá staður landsins þar sem mesti margbreytileiki fólksins er, með hliðsjón af uppruna, innflutningi og menningu íbúanna.

Í dagblaðinu The New Zealand Herald birtust nýjar hagtölur landsins og borgarinnar og samkvæmt þeim jókst innflutningur fólks erlendis frá á árunum 2001–2006 um 115.000 manns. 37% borgarbúa eru fæddir í öðru landi.

Á Auckland-svæðinu eru íbúar í lok árs 2006 rúmlega 1.300.000 (Hagtölur Nýja-Sjálands, 2007).

- Evrópubúar 56,6 %
- Maori 11,1 %
- Asíubúar 18,9 %
- Eyjabúar 14,4 %

Hverfi borgarinnar eru skipt eftir efnahag og félagslegri stöðu í flokka frá einum upp í tíu. Hverfi eitt er lægst með lægsta afkomu og tíu hæsta. Fólk raðast saman í hverfin eftir efnahagslegri stöðu og er því borgin mjög stéttskipt. Þetta hefur áhrif á fjárhagslega afkomu skólana því í þeim hverfum þar sem fólk býr við góðan efnahag styrkja foreldrar og jafnvel fyrirtæki skólann með fjárframlögum.

## **Skólakerfið**

Á miðjum níunda áratug síðustu aldar urðu miklar breytingar á efnahagslífi Nýja-Sjálands. Fyrir 1985 taldist landið til velferðarríkja með miðstýrt efnahagslíf, sterk verkalýðsfélög og verndað viðskipta- og atvinnuumhverfi. Á þremur árum varð Nýja-Sjáland hins vegar leiðtogi meðal ríkja heims í hreyfingu sem stefndi

að frjálsum heimsmarkaði. Nánast öll höft voru afnumin og verkalýðsfélög leyst upp, allt í nafni aukins sveigjanleika og samkeppnishæfni þarlends atvinnulífs. Ekki liðu mörg ár þar til þessar breytingar höfðu víðtæk áhrif á opinberan rekstur og þar með talið menntakerfi landsins. Árið 1987 var lögð fram áætlun um einkavæðingu í anda nýfrjálshyggju og á næstu árum voru ríkisstofnanir seldar hver af annarri og þær sem ekki var talið gerlegt að selja voru teknar til ítarlegrar skoðunar og umbóta krafist. Í rekstri þeirra skyldi hafa í heiðri markaðssjónarmið, áhersla lögð á skilvirkni sem og gagnsæi í útgjöldum og árangurstenging var innleidd í ríkisrekstur (Gordon, 1992). Í þessu andrúmslofti var sett á fót nefnd um umbætur í skólamálum og var formaður hennar þekktur maður úr viðskiptaheiminum, Brian Picot. Í skýrslu nefndarinnar sem gefin var út 1988 voru settar fram róttækar hugmyndir um breytingar á menntakerfinu og var dreifstýring lykilorðið. Leggja bæri niður menntamálaráðuneytið í þeirri mynd sem verið hafði en setja á fót mun minna ráðuneyti sem hefði eingöngu stefnumótunarhlutverk (*policy making*) og skólum veitt aukið sjálfræði. Hverjum skóla skyldi stýrt af skólanefnd (*Board of Trustees* á ensku sem minnir á hluthafastjórnir fyrirtækja) sem foreldrar kysu fulltrúa í og bæri hún ábyrgð á fjármálum og stefnu skólans (Picot, 1988). Ári síðar leggur forsætisráðherra síðan fram stefnuplaggið *Tomorrow's Schools* sem byggir á skýrslu Picot og er grundvöllur nýrra laga um menntakerfi Nýja-Sjálands frá 1989 (Lange, 1988).

Skólakerfið á Nýja-Sjálandi er töluvert ólíkt því íslenska. Það skiptist í þrjú skólastig: grunnskóli (*primary school*), grunn- og framhaldskóli (*secondary school*) og síðan er þriðja skólastigið framhaldsmenntun fullorðinna (*tertiary education*). Skólaskylda er frá 6 til 16 ára aldurs en nemendur eiga rétt á námi til 18 ára.

Skólaárið hefst í byrjun hvers almanaksárs eða í febrúar og er tvær annir. Skólafrí er í lok júní í tvær vikur. Námið hefst aftur í júlí og stendur seinni önnin fram til loka nóvember en þá er rúmlega tveggja mánaðar sumarfrí, desember og janúar.

Í grunnskóla á yngri og miðstigi (*primary school*) eru nemendur fram til 12 eða 13 ára aldurs og skiptist hann í yngri og eldri deildir, 6–9 ára og síðan 10–12 ára.

Nemendur mega byrja 5 ára og er það nokkuð algengt og eru því 7–8 ár á þessu skólastigi.

Nemendur skipta síðan um skóla og þurfa þá að velja sér framhaldsskóla. Hann er eins og unglingadeild grunnskólans á Íslandi og framhaldsskólinn (*secondary school*) og skiptist einnig í yngri og eldri deildir eða 13–15 ára og síðan 16–18 ára, samtals í 6 ár.

Eftir 18 ára aldur hefja nemendur frekara nám eins og í háskóla, iðn- og starfsmenntun eða öðru sambærilegu námi. Á Nýja-Sjálandi þurfa nemendur og foreldrar þeirra að velja sér framhaldsskóla þegar nemandinn er 13 ára á sama hátt og gert er um 16 ára aldurinn á Íslandi. Nemendur ljúka framhaldsskóla á sama tíma og samfélagið telur þá vera orðna fullorðna þ.e. við 18 ára aldur. Öll frekari menntun hefst því eftir að fullorðinsárum er náð og er lögð að jöfnu á því stigi.

Grunn- og framhaldsskólakerfið er alfarið undir stjórn menntamálaráðuneytisins sem fjármagnar kennslufræðilegt starf og hefur mikil áhrif á alla faglega vinnu. Það leggur línuna hvernig skuli takast á við hin ýmsu kennslufræðileg málefni (Ministry of Education, e.d.b; J. J. Walker munnleg heimild, 5. mars 2007).

Aðrir áhrifavaldar eru skólanefndir sérhvers skóla (*Boards of Trustees*), og hafa þær bæði mikið vald og miklar skyldur gagnvart sínum skóla.

### **Hlutverk skólanefnda**

Skólanefndir eru í sérhverjum skóla og hafa stóru hlutverki að gegna. Allir skólar sem reknir eru af ríkinu og þeir skólar sem ríkið kemur með einhverjum hætti að er skylt að hafa skólanefnd. Kosið er á þriggja ára fresti en einnig má kjósa aukalega ef einhver nefndarmaður hefur fallið út. Nefndarmenn fá námskeið og stuðning til að get valdið hlutverki sínu í svo ábyrgðarmiklu starfi sem það er að sitja í skólanefnd. Skólanefnd samanstendur af :

- Skólastjóra
- Fulltrúi starfsmanna
- 3–7 fulltrúar foreldra
- Nemandi ef um er að ræða skóla með 13–18 ára og hann verður að hafa verið í þrjú ár í skólanum, þ.e. vera 16 ára.

Skólanefndin er kosin af foreldrum viðkomandi skólahverfis, starfsfólki og nemendum í þeim skólum sem eru með eldri nemendur en verða að hafa lokið tveimur árum eða orðin 15 ára.

Hlutverk skólanefnda er að stjórna og móta stefnu skólanna, þar á meðal að koma að námskrá, starfsmannamálum, hafa umsjón með eignum, yfirsýn yfir heilsu og öryggismál, fjármál og stjórnsýsla. Skólanefndin sér um að ráða kennara og skólastjóra að skólunum. Nefndinni er skylt að útbúa langtíma markmið og að auki skila skýrslu um starf sitt á hverju ári þar sem fram kemur hvernig tekist hafi að vinna að markmiðunum.

Fundir eru opnir almenningi nema þegar verið er að taka fyrir trúnaðarmál (Ministry of Education, e.d.a; Team Up, e.d.).

### **Eftirlitsnefndir**

Á vegum ríkisins er starfandi eftirlitsnefnd (*The Education Review Office (ERO)*) sem kemur 3ja hvert ár í skólana og gerir úttekt á starfi skólans sem birtist síðan í opinberri skýrslu. Hlutverk eftirlitsnefndar er að leitast við að bæta gæði menntunar. Hún yfirfer með mikilli nákvæmni, gagnrýnu hugarfari og mati, gæði þess náms sem nemendur skólanna eru innrituð í (ERO, e.d.).

### **Upplýsingar til foreldra, skóla og skólanefnda**

Menntamálaráðuneytið (Ministry of Education, e.d.c) sér um upplýsingastreymi til foreldra um rétt þeirra og barnanna um alla hugsanlega hluti sem varðar skólagöngu þeirra. Þessar upplýsingar eru í formi bæklinga og netsíðna. Þar koma fram svör við öllum hugsanlegum spurningum sem vakna þegar börnin þeirra hefja nám eða skipta um skólastig. Samkvæmt viðtali við sérfræðing sérkennslumála í menntamálaráðuneytinu í Wellington, höfuðborg landsins, er mikil áhersla núna lögð í vinnu í sambandi við flutning á milli skólastiga, tilfærsla eða það sem kallað er „*transition*“. Vandað er til þess að hafa allt upplýsingastreymi í góðu lagi og ábendingar hvert fólk geti leitað þegar það þarf á sértækum upplýsingum að halda.

Hafa ber í huga að það getur verið heilmikið mál að velja skóla og skólatilboð þegar nemandi nær 12–13 ára aldri. Foreldrar og nemandi geta valið að fara í heimaskóla í sínu hverfi, sérskóla, einkaskóla eða kynjaskiptan framhaldsskóla.

Sérskólar eru ekki eingöngu fyrir fatlaða heldur einnig fyrir nemendur með hegðunar-, tilfinninga- og geðrænan vanda. Margir þeirra bjóða nemendum námstilboð til 13 ára aldurs en síðan flytjast nemendur út í almennan framhaldsskóla.

### **Nám eftir 18 ára aldur**

Nemendur eiga ýmissa kosta vöð þegar skóla lýkur við 18 ára aldur. Framhaldsmenntun fullorðinna (*tertiary education*) getur verið með ýmsu sniði eins og starfs- og iðngreinar, háskólamenntun. Margar leiðir standa til boða ásamt ólíkum námstilboðum bæði á vegum menntamálaráðuneytisins og af einkaaðilum. Fólki sem glímur við einhvern vanda í námi getur haldið áfram að styrkja sig og einnig getur það sótt nám eftir hlé á hvaða aldri sem er. Alltaf er eitthvert brottfall úr námi við 16 ára aldur og eiga þeir nemendur kost á að komast í nám og ljúka framhaldsskólanum síðar meir ef þeir óska með fólki með sama bakgrunn. Einnig er mikið af námskeiðum í boði þar sem hægt er að læra allt milli himins og jarðar í formi stuttra námskeiða líkt og hjá Mími og í tölvuskólum. Framhaldsskólarnir bjóða upp á slíkt nám sem er á eftirmiðdögum eða kvöldin og oft hjá sömu kennurum sem kenna í dagskólunum líkt og á Íslandi.

Nýsjálendingar kalla það nám, sem fólk sækir eftir 18 ára aldur, þriðja skólastig (*tertiary education*). Hugtakið þriðja stigs menntun nær yfir alla menntun og starfsþjálfun sem fram fer eftir að framhaldsskóla (*secondary school*) lýkur við 18 ára aldur. Á Nýja-Sjáandi eru 8 háskólar, 20 tækniskólar, fjórir kennaraháskólar og þrjú Maori háskólar sem nefnast wananga, alls 35 stofnanir sem sinna þessu stigi menntunar. Einnig eru 43 stofnanir sem sinna starfsþjálfun af ýmsu tagi auk um 800 einkaskóla, þar á meðal tungumálaskólar. Þá eru fjölmargir aðilar sem annast ýmiss konar fullorðins- og samfélagsfræðslu.

Prófgráður eru tilteknað og þær birtar í samræmdri skrá sem er vottuð á landsvísi. Tíu stig eru tilgreind og eru stig 1–3 sambærileg við síðasta ár framhaldsskóla og grunnnám í iðngrein.



**Stigin eru:**

10. stig: **Doktorsnám**

Í háskólum og einum tækniháskóla.

9. stig: **Meistaránám**

Í háskólum, kennaraháskólum, tækniháskólum, wananga og einkaskólum.

8. stig: **Diploma, nafnbót og réttindanám á framhaldsstigi** (*post-graduate*)

Í háskólum, kennaraháskólum, tækniháskólum, wananga og einkaskólum

7. stig: **Diploma, gráður og réttindanám á grunnstigi** (*graduate*)

Í háskólum, kennaraháskólum, tækniháskólum, wananga og einkaskólum.

5.–6. stig: **Annað diplománám**

Í háskólum, kennaraháskólum, tækniháskólum, wananga, einkaskólum og starfsþjálfun í atvinnulífi.

2.–4. stig: **Réttindanám**

Í háskólum, kennaraháskólum, tækniháskólum, wananga, einkaskólum, hjá aðilum í fullorðins- og samfélagsfræðslu og starfsþjálfun í atvinnulífi.

1. stig: **Lágmarkskröfur** eftir samræmdum stöðlum á landsvísu (*National qualification framework*). Nemendur geta sótt sér einingar í framhaldsskólum, einkaskólum af ýmsu tagi, hjá aðilum í fullorðins- og samfélagsfræðslu og í gegnum starfsþjálfun í atvinnulífi. Um er að ræða nám bæði til starfsréttinda og nám sem ekki veitir réttindi.

**Inntökuskilyrði fyrir háskólanám:** Til að hefja nám í háskóla þarf nemandi að hafa a.m.k. 42 einingar á 3. stigi eða hærra á ofangreindum kvarða en þeir sem hafa náð 20 ára aldri geta sótt um inngöngu án þess að hafa einingar (Ministry of Education, e.d.d).

## Sérkennsla

Frá árinu 1989 hafa allir nemendur á Nýja-Sjálandi átt lagalegan rétt á að sækja skóla í sínu heimahverfi bæði grunn- og framhaldsskóla. Eins og á Íslandi er skólaskyldu lokið um 16 ára aldur en allir nemendur eiga rétt á námi fram til 18 ára og nemendur með þroskahömlun eiga rétt á þeim sveigjanleika að stunda nám til 21 árs.

Samkvæmt upplýsingum frá viðmælendum í kennaradeild háskólans í Auckland, er misjafnt hvort skólar leggi sig fram við að fylgja þeirri stefnu þegar nemendur með fötlun og þroskakerðingu eiga í hlut. Fer það mikið eftir skólanefndum og hversu foreldrar eru duglegir að þrýsta á viðkomandi skóla. Ennþá eru skólar sem neita að sinna því hlutverki að skólinn sé fyrir alla en flestir vinna þó samkvæmt þeirri stefnu. Sérhver skóli getur útfært sína sérkennslustefnu eftir því hvað stjórnendur skóla og skólanefnd koma sér saman um. Algengt er að fólk flytji milli hverfa eða jafnvel landshluta til að börn þeirra geti sótt þá skóla sem þeim finnst góður kostur fyrir þau. Sérstaklega á þetta við nemendur með sérþarfir.

Margir sérskólar eru starfandi og hafa foreldrar val um hvort þau senda börn sín í þá eða almenna skóla. Sérskólarnir nýta sér ákvæðið um sveigjanleg skólalok fyrir nemendur með sérþarfir þannig að þeir bjóða öllum nemendum nám til 21 árs aldurs. Töldu viðmælendurnir í kennaradeild háskólans í Auckland, að það gæti verið ein helsta ástæða þess að foreldrar veldu frekar að senda unglinginn sinn í sérskóla þar sem búið væri að tryggja þeim skólavist til 21 árs.

Menntamálaráðuneytið gefur út sérstakan leiðbeiningarbækling sem ætlaður er fyrir starfandi skólanefndir og fjallar um lög og reglugerðir sérkennsluákvæða. Í þeim bæklingi er bent á að nemendur með miklar sérkennsluþarfir eigi rétt á að vera í skóla til 21 árs aldurs (Ministry of Education, 2003). Það er svo sitthvað réttur fólks eða framkvæmdin þar sem skólar og skólanefndir starfa sjálfstætt og hafa mikið sjálfræði.

Í viðtölum sem tekin voru í Kennaraháskólanum í Auckland kemur fram að ekki eru allir sammála því að fatlaðir nemendur með þroskahömlun eigi að vera lengur í framhaldsskóla en aðrir, heldur telja að þeir eigi að ljúka námi á sama tíma og allir aðrir og hefja fullorðinsnám á sama aldri og þeir.

Í þeim vettvangsathugunum sem farnar voru var áherslan mest á sérkennslu eldri nemenda, 13 – 18 ára til að skoða samhengi í menntuninni og tilfærslu á milli skólastiga yfir í fullorðinslífið hjá nemendum með fötlun og þroskahömlun. Skólarnir sem rannsakaðir voru í Auckland voru í ólíkum hverfum, ýmist í lágláunahverfi sem féll undir flokk 1 eða hálaunahverfi í flokkum 9 og 10.

### **Sérkennsla nemenda með þroskahömlun 13–18 ára**

Athuganir voru gerðar í þremur skólum fyrir nemendur 13–18 (21, nemendur með þroskahömlun) ára (*secondary school*), einum heildstæðum sérskóla með nemendur 5 – 21 ára og einum heildstæðum skóla með nemendur frá 5 ára til 18 ára. Skólarnir leystu allir sérkennsluna hver á sinn hátt og buðu upp á ólíkar námsleiðir og námsstuðning.

Almennu skólarnir höfðu allir sérúrræði í formi sérdeildar eða námsvers fyrir nemendur með þroskahömlun en buðu einnig upp á nám í almennum bekkjum. Nemendur höfðu stuðningsfulltrúa eða annan aðila úr sérdeildunum til að fylgja þeim eftir út í bekkjarkennsluna.

*Fjórar ólíkar leiðir:*

1. Sérskóli
2. Heildstæður skóli, öll skólastig á svæðinu
3. Framhaldsskóli með námsveri - sérkennsluveri
4. Tveir framhaldsskólar með sérdeildir

*1. Sérskólinn.* Hann er fyrir nemendur á aldrinum 5–21 árs, 130 talsins. Hann er staðsettur í lágláunahverfi með miklum fjölda af innflytjendum og fólki á fátæktarmörkum. Samsetning nemenda eftir þjóðum var þannig að 44% voru börn eyjabúa (Pacifícan) frá eyjunum í kringum Nýja-Sjáland, Maorar 21%, börn af evrópskum uppruna 28% og aðrir 7%.

Í þessum skóla var nemendum með sams konar fötlun raðað saman í bekki en tveir til þrjár árgangar saman og 5–6 nemenda hópar, nema hvað getumestu nemendurnir voru hafðir 10 í hóp. Sem dæmi má nefna að einhverfir nemendur voru saman í hóp og annar hópur samanstóð af nemendum með mikla og alvarlega líkamlega fötlun ásamt þroskahömlun.

Mikið var lagt upp úr fallegu umhverfi bæði innan og utan skólans og var útvistarvæði ákaflega vel búið leiktækjum og námsaðstöðu. Nemendur stunduðu garðyrkjustörf þar sem þau ræktuðu bæði nytjajurtir og skrautjurtir. Námið fór ekki eingöngu fram í skólanum heldur einnig fyrir utan hann, svo sem sund, reiðmennska, starfsnám ásamt vettvangsferðum. Skólinn hafði aðgang að þremur stórum bílum sem kennarar notuðu til að aka nemendum á milli staða.

Þessi skóli hafði einnig sérhúsnæði á skólalóðinni þar sem lítill hópur af unglingum sem ekki náðu að aðlagast í almennu námi stunduðu nám, þ.e. nemendur með náms- og hegðunarvanda. Kennsla þeirra fór þannig fram að þau voru mikið á ferð og flugi út í samfélaginu, fengu að upplifa ýmislegt og áttu síðan að vinna úr upplifunum sínum á ólíka vegu. Þau skráðu í tölvu, tóku myndir, töluðu inn á segulband eða teiknuðu, allt eftir því hvernig þeim hentaði að tjá upplifanir sínar og voru námsgreinarnar samþættar á þennan hátt.

2. *Heildstæður skóli.* Þessi skóli var ólíkur öðrum skólum og í raun því skólakerfi sem boðið er upp á á Nýja-Sjálandi. Hann er heildstæður skóli með öll skólastig á sama skólasvæði og einnig er leikskóli í sama umhverfi. Hann er staðsettur í láglaunahverfi eins og sérskólinn, sem sagt er frá, en þó með aðra íbúasamsetningu. Íbúar þessa hverfis voru þannig samsettir að þar bjó nánast enginn af evrópskum uppruna en Eyjabúar (*Pacifican*) voru um 70%, Maori um 20% og Asíubúar 10%. Heildarfjöldi nemenda í þessum skóla er um 1800.

Skólanum er skipt í fjórar deildir og hefur hver deild sitt skólasvæði en þó hlið við hlið. Yngstu nemendurnir voru á sérsvæði, miðstignemendur á öðru og síðan þeir elstu því þriðja. Nemendur voru um 500 á hverju skólastigi en þetta var eini skólinn sem vettvangsathugun fór fram í sem skipti nemendunum í þrjú skólastig á sama hátt og við Íslendingar gerum. Einn skólastjóri stýrði öllum skólanum en á hverju skólastigi voru aðstoðarskólastjórar ásamt árgangastjórum og einnig voru sér stjórnunarbyggingar fyrir hverja deild eða skólastig.

Fjórða deildin var síðan svæði þar sem Maorar, frumbyggjarnir höfðu sína nemendur út af fyrir sig og var það mikil sérstaða. Þarna voru 300 nemendur á öllum þremur skólastigunum og ástæðan þess að bjóða upp á slíka sérstöðu var sögð sú að rækta ætti með nemendum virðingu fyrir uppruna sínum. Lögð var mikil áhersla á menningu Maoranna og trúarlíf. Til dæmis var sérstakur gróður ræktaður þar sem hafði mikið gildi í menningu þeirra. Þar var rennandi vatn og

einstakt táknrænt hlið sem nemendum var kennt að ganga um áður en þeir gengu inn í maorískt samkomuhús. Það var mjög áhrifamikið hversu fallett umhverfi Maorarnir höfðu skapað í kringum sína deild en þó var umhverfi skólans í heild sinni mjög snyrtilegt og fallett.

Skólastjóri þessa skóla hafði miklar og sterkar skoðanir á mikilvægi þess að nemendur hefðu umsjónarkennara fram til 16 ára og áleit það ranga stefnu hjá yfirvöldum menntamála að láta nemendur 13 ára gamla byrja að skipuleggja sig eins og framhaldsskólanema með því að hitta umsjónarkennara sinn aðeins 20 mínútur á dag en þannig er unnið í framhaldsskólanum (*secondary schools*). Hann hafði miklar faglegar hugsjónir um hvernig skólastarfið á að mæta öllum einstaklingum með ólíkan bakgrunn, félagslegan og námslegan.

Sérkennslan í þessum skóla fór fram í sérþekkingum hvort sem um var að ræða nemendur með tungumálaörðugleika eða nemendur með þroskahömlun. Allir fóru þó út í almennt nám í almenna bekki en á ólíkum forsendum, flestir í námsgreinum eins og heimilisfræði, smíðum, myndmennt og íþróttum.

Í þessu hverfi er öflugur sérskóli sem er ráðgjafaskóli og starfar sem sérkennslumiðstöð og þjónustumiðstöð fyrir fötluð börn og unglíngja. Sérskólinn tekur á móti öllum fötluðum einstaklingum á skólaskyldualdri hverfisins sem eru með þroskahömlun og líkamlega fötlun. Ráðgjafar ákveða í samráði við foreldra, kennara og aðra fagmenn hvort og hvaða nemendur eigi erindi í almennan skóla. Kennarar í skólahverfinu fá síðan leiðbeiningar ásamt námsefni í þessum skóla sem þeir fara með út í almenna skólann þar sem nemendurnir stunda nám.

Innan þessarar stofnunar er einnig ráðgjafarþjónusta fyrir blinda, heyrnarskerta og nemendur með hegðunarfrávik auk sjúkraþjálfunar. Framkvæmdastjóri sem einnig var skólastjóri sérskólans sagði að markmið skólastarfsins væri að gera nemendur eins sjálfbjarga úti í samfélaginu og hægt væri. Kennslan fór mikið fram fyrir utan skólann þar sem nemendur fengu að upplifa og komast í snertingu við veruleikann úti í samfélaginu. Skólinn hafði nokkra bíla til umráða til að fara með nemendur út í samfélagið í skipulögð verkefni.

Nemendur og kennarar unnu með sérhannað námsefni frá Englandi og hélt aðstoðarskólastjórinn utan um ráðgjöf og námskeið í kennslufræði og meðferð þessa námsefnis fyrir kennara og aðstoðarfólk í skólum. Enginn má kenna þetta námsefni nema hafa farið á námskeið og vera kominn með tiltekin réttindi til að vinna með efnið.

3. *Framhaldsskóli með sérkennsluveri.* Skólinn er í hverfi þar sem fólk hafði háar tekjur, hátt menntunarstig og góða félagslega stöðu. Í þessu hverfi eru íbúarnir flestir evrópskir að uppruna eða um 80%, 17% eru asískir en aðeins 3% eru Maorar eða Eyjabúar. Fjöldi nemenda er um 3000 talsins en almennt eru framhaldsskólar landsins ekki með fleiri nemendum en 1000–1200. Skólinn státar sig af að vera á heimsmælikvarða og fjölmennasti skóli landsins. Það var mjög ólíkt að rannsaka þennan skóla miðað við heildstæða skólann því skólastjóri þessa skóla var mikið í mun að sýna öll verðlaunin sem nemendur höfðu hlotið fyrir ýmsar íþróttir, hæsta skor í Písakönnun í stærðfræði og verðlaunabikarana sem prýddu veggi skólans.

Sérstakt sérkennsluver var í sérbyggingu þar sem öll sérkennsla ásamt stuðningskennslu fór fram. Þarna voru við stjórnvölinn tveir sérkennarar ásamt 12 stuðningsfulltrúum og skipulögðu sérkennararnir allan stuðning við nemendurna eftir þörfum en stuðningsfulltrúarnir fylgdu þeim nemendum út í bekk sem þess þurftu. Aðeins 7 nemendur með þroskahömlun og litla námsgetu voru í skólanum en 150 nemendur í það heila nutu einhvers stuðning í litlum eða miklum mæli í sérkennsluverinu. Það gat verið tímabundinn stuðningur, aðstoð í sambandi við lengri tíma í prófi eða aðlögun verkefna og prófa. Tekið skal fram að þegar sótt var um að fá að rannsaka þennan skóla þá var eingöngu talað um að skoða heildarstarfið en ekki beðið sérstaklega um athugun á sérkennsluúrræði skólans.

4. *Tveir framhaldsskólar með sérdeildum í almennum skólum.* Skólarnir buðu upp á nám fyrir þroskahamlaða nemendur 13–21 árs. Í öðrum skólanum var gerð athugun á öllum skólanum (A) en í hinum (B) var eingöngu gerð athugun á sérdeild skólans og dvalist þar heilan skóladag. Báðir skólarnir eru í hverfi með félagslega og fjárhagslega vel stöddu fólk og falla í flokk 9 og 10 í hverfaskiptingunum.

Í skóla A voru sérdeildarnemendur 21 talsins og allir með þroskahömlun, var deildin í sérhúsi á skólalóðinni sem sniðið var að þörfum nemendanna og námsins sem þeim var boðið upp á.

Í skóla B voru 32 sérdeildarnemendur og var ólíkari samsetning á getu nemenda. Yngri nemendurnir 13–15 ára voru að mestu úti í bekk en tilheyrðu þó sérdeildinni. Þeir voru ýmist fullgildir eða gestir úti í bekkjunum en eftir að 16 ára aldri var náð fóru þessir nemendur ekki út í almennan bekk í bóklegum

greinum en tóku þó þátt í tímum eins og listgreinum og íþróttum. Námsaðstaða var bæði inni í aðalbyggingu skólans og einnig í sérhúsi úti á skólalóðinni.

Mikil áhersla var lögð á íþróttir í báðum skólum og einnig höfðu deildirnar aðgang að svæði þar sem nemendur fengu að rækta nytjajurtir til eigin notkunar í heimilisfræði. Auk þess ræktuðu þeir plöntur og tré sem voru síðan gróðursett út í náttúrunni. Skólarnir voru með starfsnám fyrir eldri nemendurnar inni í stundaskrá hjá sér en ekki voru samt allir sem fengu að fara út á atvinnumarkaðinn. Það var útskýrt á þá leið að ekki væri nægur mannaflí til að fara með nemendum svo eingöngu þeir nemendur sem voru tiltölulega sjálfstæðir áttu kost á starfsnámi.

Í skóla B fóru nemendur einu sinni í viku úr skólanum í starf. Samið var við vinnuveitandann að sjá um nemandann og fylla síðan út blað með upplýsingum um árangurinn. Þrír nemendur eldri en 18 ára fóru út í tækniskóla í tölvukennslu, að sögn vegna óska frá foreldrum.

### **Það sem skólarnir áttu sameiginlegt**

Á Nýja-Sjálandi ganga nemendur í skólabúningum nema síðasta skólaárið þá mega þeir vera í klæðnaði að eigin vali. Þetta á við í flesta ríkisreknu skólana og á því ekki alla skólana. Samkvæmt gögnum í vettvangsathugunum, hefur þessi ákvörðun verið tekin þar sem talið er að það muni styðja við nemendur að venjast valfrelsinu í fatavali áður en þau fara í frekara nám. Skólabúningar í skólunum gera það að verkum að nemendur með fötlun og þroskahömlun skera sig síður úr félagahópnum.

Allir skólarnir höfðu mikið, víðfeðmt skólasvæði með mörgum lágreistum byggingum. Þeir höfðu einnig allir gott íþróttasvæði utandyra en ekki eins gott innandyra. Margir skólanna áttu ýmist eigin sundlaug eða höfðu aðgang að sundlaug hverfisins, því mikil áhersla er lögð á að allir læri að synda, í raun var allsstaðar mikil áhersla lögð á íþróttir og útivist.

Segja má að það hafi verið sammerkt öllum þeim aðilum sem vettvangsathuganir voru gerðar hjá og kom fram í viðtölum við stjórnendur um skólamál og menntun, að þeir voru mjög uppteknir af peningahlið og fjármögnun kennslumála. Þeir töldu að engan veginn væri nægilegt fjármagn lagt í sérkennslumál og að sérhver skóli þyrfti að leita leiða til að fjármagna sérkennsluna hjá sér. Mikil samkeppni er milli skóla, borgarhverfa og landshlutum, að standa sig vel varðandi menntun barna og unglinga og virðist

vera mikill metnaður á því sviði. Skólarnir leita ýmissa leiða til að fjármagna skólastarfið en hluti fjárins kemur frá einkaaðilum og fyrirtækjum eins og fram hefur komið. Skólanefndir sérhvers skóla sjá um að aðstoða við slíka fjáröflun og er því mikið í húfi fyrir skólana að hafa öflugt fólk þar innanborðs.

Sérskólarnir eru í góðu samstarfi við almennu skólana í sínu hverfi. Ýmist á þann hátt að þeir tóku nemendur til sín sem almenni skólinn taldi sig ekki ráða við eða að nemendur í sérskólanum gátu komið og tekið þátt í einhverjum námsgreinum innan almenna skólans. Það voru þá valdir nemendur sem talið var að myndu geta notið þeirrar kennslu sem boðið var upp á. Helst voru það list- og verkgreinar ásamt íþróttum sem um var að ræða.

Tilfærsla nemenda úr skóla yfir í fullorðinslíf fór eftir eðli fötlunar þeirra. Mikið er um það að umsjónarfélög einstakra fatlana taka að sér skjólstaðinga sína og aðstoða þá við að finna farveg, ýmist úti í samfélaginu eða í sérúrræðum. Hagsmunafélög fatlaðra taka við þegar skóla lýkur, bjóða upp á einhverja félaglega þjónustu og halda áfram að undirbúa einstaklingana fyrir fullorðinsárin. Þau styðja við að koma þeim út í atvinnu, ýmist á verndaða vinnustaði eða út á almennan vinnumarkað. Lítið er í boði þegar kemur að samfelldu námi en margir möguleikar eru þó í boði fyrir fullorðið fólk í endurmenntunarstöðvum, síðdegis- og kvöldskólum og þá í formi námskeiða.

Aðeins fannst eitt dæmi um skóla þar sem nemendur fóru í nám í almennan viðurkenndan háskóla eftir að framhaldsskólanámi lauk en það var í tækniskólum þar sem iðn- og tæknimenntun fór fram (*Polytechnic Institute of Technology*).

## **Menntun fullorðinna með þroskahömlun á Nýja-Sjálandi**

Framboð af formlegri menntun fyrir einstaklinga með þroskahömlun eftir að framhaldsskóla lýkur um 18–21 árs er ekki mikið. Formlegu hlutverki menntamálaráðuneytisins lýkur gagnvart fötluðum einstaklingum eftir að framhaldsskólanámi er lokið. Félagsmálaráðuneytið tekur við allri þjónustu, hvort sem um er að ræða menntun, starf eða búsetu. Öll menntun fullorðinna, hvort sem hún er samfelld nám eða í formi námskeiða, er háð styrkjum frá einkaaðilum eða félagasamtökum auk ráðuneytisins.

Gerð var athugun á tveimur tegundum skólatilboða fyrir fullorðið fólk með þroskahömlun í þriðju stærstu borg landsins, Christchurch.



1. Christchurch Polytechnic Institute of Technology er tækniskóli og þar er tilboð um samfellt nám til tveggja ára í sérdeild þar sem starfsþjálfun er einnig í boði.
2. SkillWise í Christchurch sem er fullorðinsfræðsla og starfsþjálfunarstaður fyrir fullorðið fólk með þroskahömlun. Þar er boðið upp á samfellt nám, nemendur geta sótt nám alla daga og einnig geta nemendur komið á námskeið nokkrum sinnum í viku. Öllum nemendum býðst stuðningur við að finna vinnu við hæfi úti á almennum vinnumarkaði.

*1. Christchurch Polytechnic Institute of Technology.* Nokkrir tækniskólar í landinu bjóða nemendum með þroskahömlun upp á nám í sérdeild í skólunum. Gerð var vettvangsathugun í einum slíkum skóla, tekin viðtöl við stjórnendur og nemendur. Sérdeildin er staðsett í litlu húsi úti á skólalóð svæðisins. Allar deildir skólans hafa sína eigin byggingu til umráða en auk þess eru byggingar með aðgangi að tölvuveri, bókasafni og mötuneyti sem allir nemendur skólans hafa sameiginlegan aðgang að. Þroskahömluðu nemendurnir höfðu ekki aðgang að almenna náminu þar sem þau urðu að uppfylla sömu skilyrði og aðrir nemendur skólans til að fá inngöngu í það. Námið þeirra er því miðað við þeirra getu, þar sem eingöngu fatlaðir eru saman í hóp en gátu þó farið sem gestir í verklegt nám ef þeir höfðu áhuga og réðu við það. Starfsþjálfun er stór þáttur í náminu og miðast bóklega námið við að undirbúa nemendur undir störf og sjálfstætt daglegt líf að námi loknu.

Deildin hafði verið starfandi í 15 ár þegar athugunin fór fram og bauð upp á tveggja ára nám frá mánudegi til fimmtudags frá kl. 9–15. Á föstudögum voru nemendur úti í starfsþjálfun. Nemendurnir voru 14 talsins og allir yfir tvítugt. Þeir höfðu allir eins stundatöflu og ekki voru gerðar einstaklingsáætlanir en nemendum þó kennt einstaklingsmiðað. Sérstakt námsefni hefur verið útbúið fyrir nemendur sem stunda nám í tækniskólunum á ýmsum þyngdarstigum. Kennarar hafa aðgang að sérstökum vef þar sem þeir geta sótt námsefni hverju sinni, við hæfi hvers og eins. Kennslustofur voru tvær og var önnur þeirra með aðstöðu til að kenna nokkrum nemendum í einu heimilishald.

Á Nýja-Sjálandi greiða nemendur fyrir að stunda nám í háskóla og eins er með námið fyrir þroskahömluðu nemendurna. Námið í sérdeild

iðntækniháskólans kostar sem svarar 210.000 ísl. kr. á ári. Allir fatlaðir einstaklingar fá ákveðna upphæð, u.þ.b. 750 þús. ísl. kr. fyrir lífstíð eyrnamerkta sér frá ríkinu og hafa þeir leyfi til að nota þá upphæð til ýmissa þarfa að eigin vali eins og að stunda nám, fara á námskeið, ferðalög o.fl. Til að geta stundað nám í iðntækniháskólanum fá nemendur úthlutað úr sjóðnum sínum helming skólagjalda en hinn helminginn geta þau fengið í formi námslána.

2. *SkillWise í Christchurch* er annað skólaúrræði fyrir fullorðið fólk með proskahömlun en í raun ekki svo ólíkt þegar kemur að námsefninu og uppbyggingu námsins. Eini munurinn á þessum tveim námstilboðum er í raun að nemendur SkillWise eru eingöngu með fötluðum einstaklingum í sínu námi og skólabyggingin er í sérhúsnæði í miðbæ borgarinnar. Húsnæðið er uppi á 3ju hæð í stórri sambyggðri byggingu með nokkrum skólastofum, matsal, setustofu og opinni móttöku ásamt skrifstofurými. Allar stofurnar og skrifstofurnar voru með stórum gluggum þannig að skólasvæðið virtist allt vera opið og bjart þó að um lokuð rými væri að ræða.

Markmið námsins er það sama og í sérdeild tækniskólans, að nemendur verði sem sjálfstæðastir og eigi kost á að komast út á almennan vinnumarkað að námi loknu. Námsefnið sem notað er, er ýmist enska efnið, það sama sem kennt er í framhaldskólanum eða aðlagð efni sem kennarar útbúa sjálfir. Þarna var markvisst tölvunám í gangi, vinna með ljósmyndun, þar sem nemendur halda sýningar á verkum sínum úti í sýningarsal í miðbæ borgarinnar. Lögð var mikil áhersla á myndlist en einnig er haldin sýning á vinnu nemenda á hverju skólaári. Markvisst var unnið með athafnir daglegs lífs í náminu og reynt að tengja það við þarfir einstaklinganna hvað snerti búsetu, atvinnu og fjármál.

Í þetta skólaúrræði voru allir velkomnir sem áhuga höfðu á að stunda frekara nám á eigin hraða og eigin forsendum. Engin aldursmörk voru sett þannig að þarna voru nemendur frá 20 ára og upp úr.

## **Samantekt**

Í öllum þeim skólum sem rannsakaðir voru, hvort sem nemendur voru 16 ára eða eldri, var sama markmiðið haft að leiðarljósi, það var verið að kenna nemendum sjálfsstyrkingu og valdeflingu til að þeir gætu staðið sem mest á eigin fótum

Þegar þeir færu út í fullorðinslífið. Sams konar námsefni var kennt á öllum skólastigum en misjafnlega útfært eftir aldri og þroska einstaklinganna. Alls staðar var lögð áhersla á hagnýtt nám sem styddi við nemendur í daglegu lífi ásamt listgreinakenndu og íþróttum. Áhersla var lögð á að þjálfa og finna atvinnu fyrir þá nemendur sem þess óskuðu en framhaldsnám fyrir hina sem vildu læra meira.

Þeir skólastjórnendur sem viðtöl voru tekin við, hvort sem um var að ræða stjórnendur sérúrræðis eða í almenna skólakerfinu höfðu að leiðarljósi að nemendur með þroskahömlun blönduðust sem allra mest úti í samfélaginu. Einnig áttu þeir það sammerkt að hafa þá skoðun að samfélagið væri ekki tilbúið að taka á móti öllum einstaklingum með fötlunina þroskahömlun. Miklar breytingar hefðu þó átt sér stað síðustu tvo áratugin. Enn væri þó langt í land og eilíf barátta að efla skilning á mikilvægi þess að allir fæðast jafnrétt háir inn í þennan heim en þurfa mismikinn stuðning til að þroskast og dafna í samfélagi manna. Skólastjórnendurnir sem viðtöl voru tekin við voru margir á því að þeir fræðimenn væri á villigötum sem teldu að jöfnuður væri fölginn í því að allir væru í sama skóla og í sama bekk á öllum skólastigum. Þótt hugmyndafræðin væri falleg væri raunveruleikinn annar. Samkvæmt gögnum úr vettvangsathugunum töldu þeir jöfnuðinn vera fölginn í að eiga val um hvers konar skólaumhverfi þau fengju að taka út þroska áður en fullorðinslífið tæki við.

Nú þegar skólakerfi Nýsjálendinga hefur verið skoðað með menntun nemenda með fötlunina þroskahömlun í huga er næsta skref að líta sér nær og skoða þá menntun sem býðst fyrir fullorðið fólk á Norðurlöndum, með enga menntun að baki. Lýðháskólarnir eru menntunarúrræði sem hefur lifað í meira en 150 ár í norrænni skólamenningu og dafnar enn. Í næsta kafla verður hugmyndafræði þeirrar menntunar skoðuð til að fá fleiri hugmyndir varðandi framhaldsmenntun fyrir fullorðið fólk með þroskahömlun á Íslandi.

## 4. Lýðháskólar á Norðurlöndum

Í þessum kafla verður sagt frá hugmyndafræði lýðháskólanna á Norðurlöndum og sögu hennar í stuttu máli. Skoðuð verður kennslufræðin sem liggur að baki hugmyndafræðinni ásamt því menningarlífi sem tilheyrir menntuninni. Sagt verður frá vettvangsathugun sem gerð var í tveimur ólíkum lýðháskólum og er markmiðið með athugununum að skoða hvort hugmyndafræði lýðháskólamenntunarinnar eigi erindi til nemenda með þroskahömlun á fullorðinsárum.

### Hugmyndin

Lýðháskólar eru einstakt norrænt skólatilboð sem fyrirfinnst eingöngu á Norðurlöndunum fjórum, Svíþjóð, Danmörku, Noregi og Finnlandi. Hugmyndafræðin að baki skólunum er í grunninn hin sama en sérhver skóli og sérhvert land er með eigin námsleiðir.

Lýðháskólamenningin hefur ekki átt greiða leið inn í íslenskt skólalífi þótt það hafi verið reynt að koma því á. Oddur Albertsson gerði tilraun árið 1995 með að setja á stofn skólaúræði í anda lýðháskólanna á Reykholti í Borgarfirði sem ekki gekk. Oddur gafst þó ekki upp og fór aftur af stað með nám undir sömu formerkjum við Hringbraut í Reykjavík árið 1996 sem hanna kallaði Lýðskólann. Starfaði sá skóli í þrjú ár en náði ekki heldur fótfestu í íslensku samfélagi (ADHD, 1997). Á endanum flutti Oddur til Danmerkur með hugmyndir sínar þar sem hann hefur starfað sem forstöðumaður lýðháskóla á Fjóni (Højgaard, 2005).

Þegar ég fór að kynna mér nám fyrir fatlað fólk með þroskahömlun sem gæti verið markvisst framhald af framhaldsskólanum kom upp í hugann hugmyndafræði lýðháskólamenntunar sem mér fannst ríma vel við reynslu mína sem kennari af kennslu þroskahamlaðra unglunga. Einnig þótti mér áhugavert hversu margt ungt íslenskt fólk sækir til Norðurlandanna í nám í lýðháskóla eftir að það hefur lokið formlegu námi framhaldsskólans. Þegar ég var komin í gang

með hugmyndir mínar fannst mér mjög áhugavert að huga að því að flétta saman hugmyndafræði þessarar norrænu skólahefðar og niðurstöður af vettvangsathugunum mínum og rannsókn á nýsjálensku skólasterfi.

Til að skyggjast inn í heim lýðháskólanna voru gerðar tvær vettvangsathuganir í Svíþjóð og Danmörku þar sem tekin voru viðtöl við stjórnendur skólanna og auk þess dvalist daglangt með þroskahömluðum nemendum í sænska skólanum.

## **Saga og hugmyndafræði lýðháskólanna**

Aðaleinkenni lýðháskólanna er að nemandinn sækir skólann af fúsum og frjálsum vilja. Þar er engin stýring, engar miðstýrðar námskrár, engar einkunnir, frelsi til að vera eins og maður er og skapa sér eigin stíl. Markmiðið er að skapa góða og gegna samfélagsþegna, duglegar, gagnrýnar og sjálfstæðar manneskjur sem geta og þora að taka afstöðu í lýðræðislegu þjóðfélagi (Folkhögskola Nu, 2007).

Fyrsti lýðháskólinn hóf göngu sína árið 1844 í Danmörku. Upphafsmáðurinn var Nicolai Frederik Severin Grundtvig sem fæddist árið 1783 og dó árið 1872. Grundtvig sem var prestur og rithöfundur, vildi bjóða fram andsvar við latínuskólana sem hann taldi að menntuðu eingöngu embættismenn. Hann vildi enga latínu og ekkert sem ekki var danskt en í staðinn vildi hann þjóðfræði, sögur, vísur og annan skáldskap fólksins sjálfs úr daglegu lífi þess. Í stuttu máli vildi hann lýðmenntun í stað latínu (Grundtvig på Nettet, 2007).

Í Svíþjóð hófu lýðháskólar starf sitt 1868 á þremur stöðum í landinu undir áhrifum frá Danmörku en stefnan varð þó önnur. Bændasynir hófu alþýðunám þar sem lögð var áhersla á verkþjálfun og bændadætur fengu að fara í skólana á sumrin í einstaka kúrsa. Síðar fékk einnig inngöngu fólk úr verkamanna- og þjónustustéttum og varð þá námið fjölbreyttara.

Mikilvægasta verkefni lýðháskólans er að útfæra þekkingu sem byggist á þeirri þekkingu sem fyrir er, úr námi eða starfi. Það gerist á þann hátt að þegar einstaklingurinn þroskast og dafnar þá eykst einnig þekkingin. Í lýðháskóla á hann að uppgötva sjálfan sig og möguleika sína, öðlast eiginleika til að geta haft áhrif á líf sitt og samfélag.

Hlutverk fullorðinsfræðslu í lýðháskólunum er að bjóða upp á annað eða nýtt tækifæri til menntunar fyrir fullorðið fólk. Það getur haft mikla þýðingu fyrir þá

sem eiga að baki brotna skólagöngu úr grunnskóla eða framhaldsskóla að geta fengið annað tækifæri. Í lýðháskólanum vaknar oft námsáhuginn og sjálfsmyndin styrkist og þar er hægt að leggja grunn að frekara nám. Lýðháskólar taka á öllum þáttum náms þar sem uppbygging einstaklinga og menntun á að sameinast í eitt (Folkhögskola Nu, 2007).

### **Menntunarfræði**

Menntunarfræði lýðháskólanna skilgreinir þekkingu á annan hátt en almennt er, þar sem gert er ráð fyrir að stöðugt sé verið að afla nýrra sjónarhorna á tilveruna. Litið er á samtöl sem það mikilvægasta í lýðháskólanum og að skólinn sé fyrir samfélagið en ekki fyrir einkunnir, skóli þar sem eldri kenna yngri og þar sem maður er námsmaður einn daginn en kennari þann næsta.

Frelsið frá miðstýrðri námskrá gefur möguleika á að líta á sérhvern námsmann sem auðlegð. Öll reynsla sem mætir reynslu annarra verður að miklum þekkingarbrunni. Allir fara í sameiginlegt ferðalag og jafnvel þótt innhald námsins sé eins í grunninn í kúrsunum ár eftir ár verður niðurstaðan alltaf ólík. Fólk er annað, reynslan er önnur og samtölin milli þeirra verða önnur. Tímanum í lýðháskólanum er lýst sem tímabili í lífinu þar sem átt hefur sér stað uppbygging, félags- og persónulegur þroski sem hefur haft meiri þýðingu en þekking fengin með staðreyndum.

Það sem lýðháskólar dagsins í dag leggja mesta áherslu á er að láta kenningar og reynslu vinna saman í samspili við nærsamfélagið, menningarlífið, lífsafkomu og áhugamál, í stað fyrirfram ákveðinna kennsluáðferða.

### **Menningarlíf**

Menningarlíf gegnir stóru hlutverki í mörgum lýðháskólum. Fjölbreytt tilboð af tónlist, leiklist, myndlist og alls kyns listformum eru kennd og þar er góður vettvangur til að undirbúa frekara listnám. Lýðháskólarnir eru oft á tíðum lifandi menningarsetur þar sem almenningi í nágrannabyggðarlögum býðst að koma og upplifa margvíslegar sýningar og uppákomur.

Það er í eðli lýðháskólans að hann er *opinn fyrir alla*. Sérstök áhersla er lögð á að skólinn sé aðgengilegur fyrir alla, sem eiga erfiðara en aðrir með að taka þátt í samfélaginu, afla sér menntunar og njóta menningar. Menntun og lærdómur er

það tæki sem nauðsynlegast þykir af öllu sem finnst til að fækka hindrunum og skapa jafnræði meðal manna.

Í samfélagi manna er auðveldara að eiga samskipti þegar gert er ráð fyrir að ekki séu allir eins eða steypdir í sama mót og að það sé það eðlilega, normalt. Uppbyggileg samskipti eiga sér stað í öllum lýðháskólum sem og aðlögun námsins að einstaklingum eftir þeirra þörfum.

Þeir kennarar sem veljast til starfa í lýðháskólum verða að vera meðvitaðir um hugmyndafræði skólaformsins. Þess er krafist að þeir geri sér grein fyrir að kennslu er ekki lokið þótt formleg kennslustund sé búin. Lífið í skólasamfélaginu krefst þess að kennarar séu tilbúnir að vera þátttakendur í því og leggi meira af mörkum til þess en gengur og gerist í öðrum skólum, þ.e. persónu sína, þekkingu og reynslu daglegs lífs.

Þá er ýmiss konar reynsla og færni talin æskileg, t.d. að kennari hafi tekið þátt í þróunaraðstoð, sé innflytjandi eða hafi græna fingur, svo eitthvað sé nefnt. Áður fyrr voru skólarnir allir heimavistaskólar þar sem bæði nemendur og starfsfólk bjó á skólasvæðinu. Í dag hefur þetta breyst í takt við aðrar samfélagsbreytingar. Fleiri skólar eru nú staðsettir í borgum eða stærri bæjum og oft á tíðum eru námsmenn fjölskyldufólk. Nú er hægt að velja sér skóla sem bjóða bæði upp á heimavist og einnig dagskóla þar sem nemendur og starfsfólk fer heim til sín að skóla loknum.

## **Vettvangsathugun í tveimur lýðháskólum**

Gerðar voru athuganir í tveimur ólíkum lýðháskólum og tekin viðtöl við skólastjórnendur skólanna. Í skólanum í Svíþjóð var auk þess rætt við kennara og nemendur skólans. Eftirtaldir skólar voru skoðaðir:

1. Skóli í Svíþjóð sem býður upp á nám fyrir þroskahamlaða og seinfæra fullorðna einstaklinga í október 2007.
2. Lýðháskóli í Kaupmannahöfn sem leggur áherslu á listgreinar í október 2007.

*1. Lýðháskólinn í Svíþjóð er í litlum bæ fyrir utan Gautaborg. Hann er staðsettur í jaðri bæjarins og er aðalbyggingin gamalt herrasetur þar sem móttaka*

er til húsa, skrifstofur, matsalur, bókasafn og kaffistofa starfsfólks. Kennslustofur og heimavist eru í öðrum byggingum á lóð skólans, bæði gömlum og nýlegum. Umhverfi skólans er allt mjög fallett þar sem andi gamla tímans og þess nýja mætast.

Nemendur eru 120 og geta þeir ráðið hvort þeir búa á heimavist skólans eða sækja námið heiman frá sér. Þeir nemendur sem búa á heimavistinni dvelja í skólanum frá mánudegi til föstudags, hafa sérherbergi en deila baðherbergi með einum öðrum, og hafa aðgang að sameiginlegri setustofu og eldhúsi með nokkrum öðrum.

Hugmyndafræði skólans byggist á gömlu lýðháskólahugmyndafræðinni, þar sem áhersla er lögð á að nemendur séu fyrst og fremst að styrkja eigin sjálfsmynd, að læra að vera sjálfstæðir og vinna við það sem þeim finnst skemmtilegt og uppbyggjandi.

Starfsfólk skólans er ekki endilega menntaðir kennarar heldur er það sérhæft í ýmsum listgreinum, iðngreinum eða sem tómsundaleiðbeinendur. Skólastjórinn, sem er kona, er þó kennaramenntuð í greinum eins og stærðfræði og smíðum. Hún sagði að stefnan væri að ráða ekki uppeldis- eða kennslufræðinga til starfa heldur fólk sem hefur áhuga á að vinna með öðru fólki og gæti leiðbeint á því sviði sem það væri sjálft gott í. Hugmyndafræðin gengur út á að allir hafi einhvern styrk og að virða eigi hvern og einn eins og hann er. Nemendur koma sjálfviljugir í skólann, tilbúnir að læra eitthvað nýtt og læra hver af öðrum. Það eru engin próf tekin, engar einkunnir gefnar en nemendur fá við útskrift, eftir eitt eða tvö ár, skjal sem segir að þau hafi stundað þarna nám og í hvaða greinum þau hafa tekið þátt.

Skólinn býður upp á nokkrar námsleiðir, þar á meðal eru tvær leiðir fyrir fólk með þroskahömlun og seinfærni. Þessum nemendahópi er skipt upp í tvo getuhópa þar sem annar hópurinn kemur úr sérdeildum framhaldsskólans en hinn úr sérskólum. Nemendur voru 8 í öðrum hópnum en 9 í hinum en gert var ráð fyrir að hægt væri að bjóða 10 nemendum í hvorum hóp skólavist. Báðir hóparnir unnu eftir sams konar námstilboði og stundaskrá en námsefnið var misþungt. Náminu var skipt upp í þemu sem stóðu í 6 vikur hvert. Dæmi um þemu er búseta og frítími, heilsa og heilbrigði, samskipti og samtöl, og einnig er farið í ferðalag þar sem nemendur sjálfir undirbúa ferðina og er þeim kennt að skipuleggja sig.



Sameiginlegar stundir áttu allir nemendur og starfsfólk skólans í matsalnum nokkrum sinnum á dag og auk þess hittust allir nemendur á hverjum fimmtudegi þar sem skipulagðir fyrirlestrar eru í boði eða einhver önnur uppákoma. Nemendur skólans, nánar tiltekið af tómstundabraut, hafa því hlutverki að gegna að vera á kvöldvöktum sem félagsskapur nemenda með þroskahömlun. Einnig hjálpuðu þau til með nemendur sem þurftu líkamlega aðstoð eins og við að klæða sig og háttu kvölds og morgna.

Í þessum skóla var dvalist daglangt og voru móttökurnar einstaklega góðar. Nemendur og starfsfólk var búið að undirbúa heimsóknina á einkar ánægjulegan hátt þar sem boðið var upp á kökur og mat, og auk þess voru nemendur tilbúnir með spurningar og búnir að skipuleggja hvað þeir vildu sýna af eigin vinnuframlagi.

2. *Lýðháskólinn í Kaupmannahöfn* er sá eini sem er staðsettur í borg í Danmörku. Boðið er upp á nám í öllum hugsanlegum listgreinum, leiklist, tónlist, söng, dansi, ljósmyndun, myndlist o.fl. Skólinn býður ekki upp á heimavist eins og tíðkast með aðra lýðháskóla þannig að nemendur verða sjálfir að útvega sér húsnæði.

Önnur sérstaða sem þessi skóli hefur er að hann leggur áherslu á að fá til sín nemendur frá öllum Norðurlöndunum. Til að fá fjárveitingu verður þó rúmlega helmingur eða um 52% nemenda að vera Danir. Heildarfjöldi nemenda er 60.

Kennslan fer fram á dönsku og ætlast er til að nemendur tileinki sér tungumálið og tali það í skólanum. Óvenju margir Íslendingar sækja þennan skóla og taldi forstöðumaðurinn, en svo kallast stjórnendur lýðháskólanna í Danmörku, að það stafaði af því að Kaupmannahöfn væri vinsæl borg um þessar mundir og ungu fólki þætti eftirsóknarvert að dvelja í henni.

Kennslustundirnar eru að meðaltali 30, þótt hægt sé að vera í fleiri stundir en lágmarkið er 28 og geta nemendur verið ýmist eina eða tvær annir. Þeir sem velja að vera í tvær annir eru oftast nemendur sem vilja fá góðan undirbúning til að sækja um frekara nám í listaskóla.

Mætingarskylda er í skólann en 15% svigrúm er gefið ef nemendur veikjast. Engar einkunnir eru gefnar þarna frekar en í öðrum lýðháskólum en nemendur fá staðfestingu á námi sínu, hvað það var sem þau stunduðu og fram kemur hvernig ástundunin var.

Í viðtalinu við forstöðumanninn kom fram að 25% nemenda fara ekki í gegnum framhaldsskóla í Danmörku og hafa því enga formlega menntun að baki. Nemendum skólans er hægt að skipta upp í tvo hópa þar sem annar hópurinn hefur litla eða enga menntun að baki og eru komin til að styrkja sig og byggja upp þekkingu á einhverju áhugasviði. Hinn hópurinn skipa þau sem lokið hafa framhaldsskólanámi og eru að hugsa sig um hvaða framhaldsnám þau vilja fara í og vilja hvíla sig á bóklegu námi. Einnig er hægt að skipta nemendum þannig að annars vegar eru þeir sem vita hvað þau vilja læra og hins vegar þeir sem ekki vita það.

Þegar leitað var eftir hvort einhverjir nemendur með þroskahömlun stunduðu nám þarna, kom í ljós að svo var ekki. Eina fötlunin sem nemendur voru að glíma við var geðfötlun eða skyld geðheilsuvandamál. Skólabyggingin býður ekki upp á að nemendur með líkamlega fötlun geti stundað þarna nám. Byggingin er frá árinu 1891 og er barn síns tíma, með mikið af stigum og þröngum göngum sem er reyndar hluti af skemmtilegum séreinkennum skólans, þótt tími sé kominn á margs konar viðhald.

## **Samantekt**

Skólarnir sem vettvangsathuganir voru gerðar hjá áttu margt sameiginlegt þrátt fyrir að vera ólíkir. Fyrst og fremst var það hugmyndafræði lýðháskólanna með kenningar Grundtvigs að leiðarljósi sem einkenndu þá báða. Virðingin fyrir manneskjunni eins og hún er, þar sem ekki er verið að reyna að breyta einstaklingnum heldur að styrkja hann á hans forsendum. Hvorugur skólinn var með mat sem byggðist á prófum heldur aðeins staðfestingu á að nemendur hefðu mætt í tiltekna námsgrein og stundað hana. Nemendur áttu þess þó kost að útbúa sér möppu sem sýndi þau verk og þá vinnu sem þeir hefðu stundað svo þeir ættu möguleika á að sækja frekara nám eða út á vinnumarkaðinn.

Í næsta kafla, sem er umræðuhluti verkefnisins, verður tekið saman og skoðaðar þær niðurstöður sem komu út úr rannsóknargögnum vettvangsathugananna á Nýja-Sjálandi og í lýðháskólunum í Svíþjóð og Danmörku. Skoðað verður hvað hægt sé að læra af þeim og hvað má nýta fyrir fullorðið fólk með þroskahömlun

hér á landi. Leitast verður við að svara spurningunni *hvernig nám* hægt sé að bjóða þroskahömluðum einstaklingum á fullorðinsárum.

## 5. Umræður og lokaorð

Þessi ritgerð er byggð á vettvangsathugunum, viðtölum og greiningu gagna sem aflað var í skólakerfi Nýsjálandinga og hugmyndafræði lýðháskóla á Norðurlöndum. Meginmarkmið er að komast að því *hvernig nám* getur tekið við að loknu námi í framhaldsskóla hjá fullorðnu fólki með þroskahömlun. Skoðað var hvernig nám Nýsjálandingar bjóða þroskahömluðu fólki, hvernig tilfærsla nemenda er úr skóla út í fullorðinslíf og hvort við Íslendingar getum lært af þeim. Einnig var skoðað hvort hugmyndafræði lýðháskólanna á Norðurlöndum á erindi í menntun fullorðinna nemenda með þroskahömlun.

Í þessum kafla verður byrjað að ræða þá sýn sem birtist í skólamálaumræðu hér á landi nú á dögum um stöðu þroskahamlaðra. Rætt verður um þær niðurstöður sem vettvangsathuganir leiddu í ljós á Nýja-Sjálandi, um nám og tilfærslu þessa nemendahóps út í fullorðinslífið. Skólakerfi Nýja-Sjálands verður borið saman við það íslenska, einkum hvað varðar nemendur sem hafa náð sjálfræðisaldri. Skoðað verður hvað við getum lært af Nýsjálandingum og hvað af þeirra vinnubrögðum væri ákjósanlegt að hafa til hliðsjónar í námi fyrir íslenskt þroskahamlað fólk. Einnig verður reynt að greina hvað hægt er að nýta úr hugmyndafræði lýðháskólanna á Norðurlöndum við þróun slíks náms. Að lokum verður varpað fram hugmyndum um námstilboð sem hægt væri að bjóða upp á hér á landi með hliðsjón af reynslu Nýsjálandinga og hugmyndafræði lýðháskólanna.

### **Staða þroskahamlaðra í skólaumræðunni hér á landi**

Eins og fram hefur komið leggja alþjóðlegar stefnuáætlanir áherslu á full mannréttindi fyrir fólk með fötlun og full réttindi fyrir nemendur með þroskahömlun. Í þessu felst fullt jafnræði á við ófatlaða, en það þýðir ekki

endilega sama aðgengi eða sömu aðstöðu fyrir alla alltaf (Gretar L. Marinósson o.fl., 2007). Þegar verið er að skoða menntunartilboð og möguleika á námsleið fyrir fullorðið fólk með þroskahömlun er ljóst að ekki er möguleiki að útbúa það á þann hátt að námið verði aðgengilegt fyrir alla, því þarfir þeirra eru eins ólíkar og allra annarra. Hér er eingöngu komið með tillögu að námi sem gæti nýst stórum hópi fólks með fötlunina þroskahömlun og gæti jafnvel gagnast einstaklingum sem eru ekki með skilgreinda fötlun en standa höllum fæti í samfélaginu.

Þegar skólakerfið á Íslandi er skoðað má sjá að meiri aðgreining og flokkun á sér stað er ofar dregur. Mörgum veitist erfiðara að sjá fyrir sér nemendur með þroskahömlun í námi á háskólastigi en á grunnskólastigi. Fyrir rúmum áratug árum þótti nær óhugsandi að þroskahamlaðir nemendur færu í framhaldsskóla en nú þykir það nokkuð sjálfsagt. Þegar námið var formlega sett af stað í framhaldsskólanum árið 1996 þótti eðlilegt að það væru þroskaþjálfar sem skipulegðu námið og jafnvel sjúkraliðar ráðnir í starf kennara. Nú hefur viðhorfið breyst því gert er ráð fyrir og sett sem skilyrði að kennarar með sérmenntun í sérkennslufræðum og framhaldsskólaréttindi séu ráðnir í störf þeirra sem mennta nemendur með þroskahömlun.

Lítill reynsla er af „skóla án aðgreiningar“ á fullorðinsstigi og engar rannsóknir hafa verið gerðar hérlendis á þeirri skólastefnu í fræðslu fullorðinna en hægt er að skoða hvaða viðhorf birtast í rannsóknum sem gerðar hafa verið á framhaldsskólastigi. Íslenska framhaldsskólakerfið er þó frábrugðið flestum erlendum skólakerfum að því leyti að um það bil helmingur nemenda telst til fullorðinna þar sem sjálfræðisaldurinn miðast við 18 ár.

Stór og umfangsmikil rannsókn hefur verið unnin hér á landi undir stjórn Gretars L. Marinóssonar á menntun þroskahamlaðra nemenda á skólastigunum þremur, leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Taka má mið af þeim niðurstöðum og umræðum sem lúta að námi nemendanna á framhaldsskólastigi þegar leitað er skipulags á námi fyrir fullorðna. Þar segir að framhaldsskólinn bjóði ekki upp á eins náin persónuleg og fagleg samskipti og skólar yngri nemenda. Viðmót umhverfisins, samnemenda og kennara getur gert útslagið um hvernig nemendum með þroskahömlun, sem margir hafa veika stöðu fyrir, vegnar við að mynda ný félagatengsl. Fyrir nemendur með þroskahömlun hefur þetta meðal annars þá þýðingu að meiri þörf er fyrir samastað og stuðning í almennum hópum eftir því sem ofar dregur í skólakerfinu (Gretar L. Marinósson o.fl., 2007).

Þó þetta eigi við framhaldsskólann er hægt að draga þá ályktun að það eigi við alla fullorðna með fötlunina þroskahömlun og í raun alla þá sem standa höllum fæti í skólakerfinu.

Menntakerfið hérlendis er byggt á hugmyndalíkani sem leitast við að tryggja framhald, ýmist yfir á næsta getustig eða næsta skólastig. Sést þetta best í framhaldsskólum hér á landi en er undirliggjandi á öllum stigum menntakerfisins, segir í fyrrnefndri rannsókn. Jafnframt er á það bent að kerfið ali af sér gildi og félagslegar hugsmíðir sem endurspegli valdauppbyggingu samfélagsins; að stjórnskipan, verkhefðir og orðræða í skólanum viðhaldi ímynd, hugsmíðum og fordómum í garð nemenda með þroskahömlun sem aftur valdi útilokun og jöðrun þeirra sem hóps. Er þetta meðal annars skýrt með því bili sem eðlilegt sé að breikki á milli nemenda með þroskahömlun og ófatlaðra nemenda vegna andlegrar og líffræðilegrar fötlunar einstaklingsins frekar en að kerfinu hafi mistekist að koma til móts við námsþarfir nemenda (Gretar L. Marinósson o.fl., 2007). Þegar slíkar staðhæfingar eru settar fram og þær eiga vissulega við rök að styðjast, þarf að spyrja sig hvernig hægt sé að breyta þessu, í viðleitni okkar að koma á jafnræði til handa því fólki sem tilheyrir jaðarhópum samfélagsins.

Fordómar eru fyrirbæri sem stöðugt er verið að takast á við í samfélaginu og eru talin eðlileg viðbrögð manneskjunnar gagnvart fólki og aðstæðum sem hún ekki þekkir. Fordómar geta haft alvarlegar afleiðingar, leitt af sér ofbeldi, aðkast og útskúfun og þarf því að leita leiða til að draga úr fordómum. Besta leiðin er að auka samkennd milli manna úr ólíkum hópum og kynnast á persónulegum jafnréttisgrunni. Fólk hefur tilhneigingu til að alhæfa hvert um annað en hægt er að vinna gegn því með tileinka sér að taka á móti nýju fólki, öllu fólki, fordómalaust (Gunnar Hersveinn, 2005:144–147).

## **Skólakerfi Nýsjálandinga og Íslendinga**

Til að getað borið saman skólakerfi þessara tveggja þjóða er mikilvægt að skoða sögu Nýja-Sjálands með það fyrir augum að skilja hver þessi þjóð sé, hvaðan hún er upprunnin og hvenær hún varð til. Menning þjóðar verður að vera útgangspunktur, því það er hún sem færir okkur efnivið og þau verkfæri sem við notum til að móta veruleikaskilning okkar, sýn á okkur sjálf og hæfileika okkar (Bruner,1996). Menntunarstig sérhverrar þjóðar er að auki spegilmynd þeirrar

samfélagsþróunar sem átt hefur sér stað á nokkrum árhundruðum og gefur okkur mynd af samfélagi dagsins í dag.

Þegar skólakerfi Nýsjálandinga og Íslendinga eru borin saman þá birtist helsti munurinn í því hvenær framhaldsskólanáminu lýkur og fullorðinsmenntun hefst. Á Nýja-Sjálandi lýkur framhaldsskólanámi þegar nemendur eru 18 ára, á sama ári og þeir verða sjálfráða, en á Íslandi eru flestir nemendur í framhaldsskóla fram undir tvítugt og jafnvel lengur.

Á Nýja-Sjálandi hefst allt fullorðinsnám við 18 ára aldurinn, hvort sem um er að ræða iðnmenntun, starfsmenntun eða bóklegt háskólanám. Skólaskylda þjóðanna beggja er til 16 ára aldurs en á Íslandi er enn það viðhorf að ábyrgð samfélagsins á menntun ljúki á því aldurskeiði, á meðan Nýsjálandingar telja sig bera ábyrgð á nemandanum og menntun hans fram til 18 ára. Ætla má að það skýri að hluta af hverju færri ljúka framhaldsskólanámi hér á landi en t.d. á Nýja-Sjálandi og hjá þeim þjóðum sem hafa sama skólakerfi og þeir. Nemendur sem velja að hætta námi um 16 ára aldurinn eða fyrr, geta síðar meir sótt sér viðbótarmenntun á fullorðinsstigi eins og kemur fram í kaflanum um skilgreiningu fullorðinsmenntunar á Nýja-Sjálandi.

Þegar nemendur eiga tvö ár eftir í framhaldsskólanum á Nýja-Sjálandi velja þeir hvað þeir vilja leggja áherslu á í námi sínu eins og bóklegt nám, iðngrein eða listgrein. Nemendur hefja síðan fullorðinsnámið sitt á þeim stað sem þeir eru metnir samkvæmt stigatöflu fullorðinsmenntunar. Fyrir nemendur með sérþarfir verður þetta kerfi mun gagnlegra þar sem þeir hafa meira svigrúm til að þroskast áður en þeir fara að velja sér menntun til framtíðar. Meiri valmöguleikar verða líka þegar framhaldsskóla lýkur, þegar öll eiginleg fullorðinsmenntun hefst í öllum greinum á sama tíma og meira jafnræði ríkir á milli verkmenntunar og bóklegar menntunar.

## **Menntun fullorðinna með þroskahömlun**

Þegar kemur að möguleikum fullorðinna með þroskahömlun til náms í löndunum tveimur er mikill munur þar á. Nýsjálandingar bjóða upp á mun fleiri leiðir og meira val en við hér á Íslandi. Fleiri námstilboð standa fullorðnum almennt til boða en hér á landi og mun fjölbreyttari símenntunartilboð þar sem nemendur

með sérþarfir geta sótt námskeið sér til styrkingar og eiga jafnvel kost á að klífa upp stigann í fullorðinsmenntuninni með því að fá viðurkenndar námseiningar.

Aftur á móti kom það á óvart hversu takmarkað tilboð var í gangi í hinu almenna skólakerfi. Eingöngu var sýnilegt formlegt námstilboð í tækniskólum landsins sem buðu upp á nám í sérdeild en með sameiginlegri félagslegri aðstöðu og tilboðum um að sækja eina og eina námsgrein með öðrum nemendum. Ég var búin að heyra af tilraunastarfi bæði við háskólann í Auckland sem var ekki lengur til staðar þegar ég kannaði það og einnig við Otago háskólann í Dunedin. Ekki get ég þó staðfest hvort eitthvert nám sé í boði í Dunedin því ég hafði ekki tök á að ferðast þangað. Hugsanlega gæti eitthvert námstilboð verið í gangi en erfitt er að finna slíkt nám þar sem námið er ekki sýnilegt á heimasíðum viðkomandi háskólastofnunar. Líkt er farið hjá Kennaraháskóla Íslands sem er með tilraunanám fyrir fullorðið fólk með þroskahömlun en óaðgengilegt og erfitt er að finna upplýsingar um námið á heimasíðu skólans. Það er því hægt að spyrja, hvort verið sé að vinna með ýmis námstilboð án þess að þau séu aðgengileg á vef skólastofnunar og fyrir hverja er þá námið? Það virðist sem nám fyrir fullorðið fólk með þroskahömlun nái illa að festa rætur og þyrfti slíkt nám að vera á ábyrgð menntastofnunar eins og María Hildipórsdóttir (2006) segir í niðurstöðum rannsóknar sinnar og að stofnunin taki að sér að skipuleggja námið.

Almennt var erfitt að nálgast upplýsingar um námstilboð fullorðinna með þroskahömlun á Nýja-Sjálandi. Viðmælendur mínir í kennaradeild háskólans í Auckland höfðu ekki mikla yfirsýn yfir hvað væri í boði. Sama má segja í menntamálaráðuneytinu í Wellington en síðar kom í ljós að félagsmálaráðuneyti hafði alfarið með málefni fatlaðra að gera, einnig skólamál eftir að einstaklingar höfðu lokið framhaldsskóla.

Unnin hefur verið skýrsla á Nýja-Sjálandi um stöðu menntunar þroskahamlaðra víða í heiminum með það að markmiði að skoða hvað Nýsjálendingar gætu gert betur í menntamálum þroskahamlaðra. Í skýrslunni kemur fram að erfitt sé að finna upplýsingar um fullorðinsmenntun fólks með þroskahömlun, hvert sem litið er. Sú ályktun er dregin að almennt sé litið svo á að menntun þeirra sé ekki raunhæfur möguleiki þótt komin sé yfir 20 ára reynsla á skóla án aðgreiningar bæði í grunn- og framhaldsskóla á Nýja-Sjálandi. Miðað við það er tiltölulega stutt síðan athyglin hefur farið að beinast að menntun fullorðinna með þroskahömlun (Veitch, 2003:43).

Í skýrslunni er vísað í rannsókn sem gerð var á Nýja-Sjálandi 1998 í tæknikólunum (*Polytechnic*) sem höfðu þá boðið nám fyrir nemendur með þroskahömlun í 10 ár. Þegar nemendur voru spurðir hvers þeir væntu af náminu sögðu flestir að þeir vildu styrkja hæfni sína í lestri, ritun og tölvukunnáttu en þetta samræmist þeim kröfum sem gerðar eru á vinnustöðum og í samfélaginu almennt. Í niðurstöðum þessarar rannsóknar kemur fram að rannsakendur mæla með að tekið sé tillit til óska nemendanna en þær eru:

- að læsi sé það sem leggja eigi áherslu á í náminu
- að fá að stunda félagslíf með ófötluðum nemendum
- að fá að taka meiri þátt í almennum áföngum í skólanum (*Polytechnic*) á sínum forsendum.

Í þessari sömu rannsókn er sagt frá hvaða hindranir það séu sem eru í veginum til að þróa gæða framhaldsmenntun (tertiary education) fyrir fullorðið fólk með þroskahömlun:

- Skólar eru hræddir við að virðing fyrir öðru námi skólans almennt minnki.
- Neikvæðni gagnvart náminu byggist á þekkingarleysi á fötlun og þekkingarleysi á hvernig eigi að útfæra nám sem fellur að námi fyrir almenna nemendur.
- Hvernig fjármagni er veitt til nemenda gerir að verkum að þeir eru stimplaðir eða merktir og viðheldur það viðhorfinu að þeir þurfi sérstakt námstilboð.
- Fá (engin) námstilboð eru í gangi sem gefa nemendum gráðu til að geta stundað bóklegt nám. Þótt nemendur séu samþykktir með öðrum nemendum þá öðlast þeir ekki rétt til útskriftar í fagi né fá starfsréttindi í neinni grein. Það gerir það að verkum að þeir eru ekki samkeppnisfærir á vinnumarkaðnum (Veitch, 2003:46–47).

Bæði Ísland og Nýja-Sjáland eru sýnilega að glíma við sömu vandamálin þegar kemur að menntuninni og viðhorfinu til þroskahamlaðra. Hafa ber þó í huga að rannsóknin sem vísað er til hér að ofan er unnin fyrir tíu árum og má því segja að við Íslendingar séum í þessum sömu sporum í dag og Nýsjálendingar voru þá ef miðað er við nám og kennslu í framhaldsskólanum.

Þegar borið er saman námsefni og kennsluáferðir fyrir nemendur með þroskahömlun í löndunum tveimur kemur í ljós að þar er talsverður munur. Þá



niðurstöðu byggi ég annars vegar á vettvangsathugunum mínum ytra og hins vegar á reynslu minni sem framhaldsskólakennari hér á landi. Það sem löndin eiga helst sameiginlegt er að verið er að kenna nemendum einstaklingsmiðað með það markmið í huga að nemandinn verði styrkari í athöfnum daglegs lífs og sé stöðugt að bæta við þá þekkingu sem fyrir er. Unnið er eftir samræmdri námskrá en námið er útfært á forsendum þeirra skóla sem menntunin er staðsett í, hvað viðkomandi skóli hefur upp á að bjóða af fjölbreytilegum námsleiðum og hvaða áherslur eru í skólamenningunni.

Nýsjálendingar hafa úr meira námsefni að velja þar sem þeir hafa aðgang að sérútbúnu efni bæði fyrir yngri og eldri nemendur með sérkennsluþarfir. Hér á landi er sérhver skóli í endalausri leit að finna viðeigandi efni fyrir nemendur sína og niðurstaðan er oftast sú að nota grunnskólanámsefni og reyna að aðlaga það að getu nemendanna og að hafa það aldurstengt.

Sá þáttur kennslunnar sem lýtur að því að upplifa ólíkar aðstæður, prófa sig sjálfur áfram og komast að niðurstöðu var í hávegum hafður á Nýja-Sjálandi. Nemendur fóru mikið í vettvangsferðir, stunduðu nám annar staðar en innan veggja skólans, ræktuðu eigin nytjajurtir sem þau elduðu og borðuðu í skólanum. Alls staðar var mikið lagt upp úr íþróttum þó aðstæður væru ekki alltaf þær bestu á íslenskan mælikvarða. Einnig voru margar listgreinar kenndar í öllum skólum þar sem þroskahömluðu nemendurnir gátu verið fullgildir þátttakendur með þeim ófötlðu.

Margar af skólunum á Nýja-Sjálandi höfðu bíl eða bíla til umráða sem notaðir voru til að fara með nemendur í námsferðir út í samfélagið eins og á almenningubókasöfn, í sund, í skipulagða tíma í reiðmennsku, í danstíma hjá dansskóla, í aðra skóla, á vinnustaði sem dæmi.

Margar af kennsluleiðunum sem farnar voru minntu á margt hjá lýðháskólunum á Norðurlöndum, ekki síst fjölbreytnin í náminu þar sem bóklegu greinarnar voru kenndar í gegnum listgreinar og íþróttir.

## **Hugmyndafræði lýðháskólanna og þroskahamlaðir**

Margt er hægt að nýta úr hugmyndafræði lýðháskólanna í námi fyrir þroskahamlaða og er þá fyrst að nefna áhersluna á einstaklinginn sjálfan, að allir hafi einhvern styrk og virða eigi sérhvern einstakling eins og hann er. Sú

hugmynd að stöðugt eigi að afla nýrra sjónarhorna á tilveruna er auk þess mikilvægur útgangspunktur í menntun fólks með þroskahömlun sem og annarra. Þessi hugmyndafræði rímar vel við kenningar Bruners og fræði Deweys þar sem talið er að útfæra eigi fyrri þekkingu úr námi og starfi í nýja þekkingu ásamt því að menntun og lærdómur sé það tæki sem best er til þess fallið að skapa jafnræði meðal manna.

Í lýðháskólamenntuninni er litið svo á að árangurinn mælist í hversu vel tekst til að byggja upp einstaklingana bæði félagslega og persónulega, í stað þess að mæla þekkingaratriði með prófum og gefa einkunnir. Námið á að byggjast á því að nemendur séu að velja sjálfir að læra meira, vinni að því að styrkja eigin sjálfsmynd, vera sjálfstæðir og geri það sem þeim sjálfum þykir skemmtilegt og uppbyggjandi.

Mikil áhersla er lögð á samtöl í kennslu lýðháskólanna og á það einnig vel við í námi nemenda með þroskahömlun. Mjög mikilvægt er að kennarinn noti sjálfan sig sem helsta kennslutækið í viðleitni sinni að koma námsefninu til skila, með því að skapa samræðugrundvöll, einfalda framsetninguna og útskýra vel.

Í lýðháskólanum í Svíþjóð, þar sem vettvangsathugun fór fram, var náminu meðal þroskahamlaðra skipt upp í þemu sem er mjög góð leið og árangursrík kennsluaðferð fyrir þennan nemendahóp. Þá er hægt að taka ákveðin málefni frá mörgum hliðum og endurtaka án þess að stöðugt sé verið að gera það sama, sem er mikilvægt að hafa í huga þegar nám fólks með sérþarfir er annars vegar.

Í stað prófa er horft til mætingar og ástundunar og í stað einkunna fá nemendur skjöl því til staðfestingar hvað þeir hafa lagt stund á. Þessi tilhögun á mjög vel við í námi fyrir þroskahamlaða. Einnig er góð leið að útbúa vinnumöppur (portfolio) með því efni sem unnið hefur verið með yfir veturinn.

Lýðháskólinn í Kaupmannahöfn í Danmörku byggir sitt nám fyrir nemendur alls staðar af Norðurlöndum eins og komið hefur fram. Í vettvangsathugun minni í skólanum rakst ég á tvö íslensk ungmenni um tvítugt og lék mér forvitni á hvernig þeim líkaði skólavistin. Svarið var: „Þetta er alveg frábært nám og skemmtilegt. Hér erum við bara að læra það sem okkur finnst gaman af og þurfum ekkert að vera að hugsa um að taka próf í því.“

## **Hugmyndir að námi fyrir fullorðið fólk með þroskahömlun**

Áherslur fötlunarfræðinga lúta að því að fatlað fólk eigi möguleika til fullrar samfélagslegrar þátttöku á öllum sviðum mannlífsins. Einn liður þessarar þátttöku tengist þeim menntatækifærum sem standa fullorðnu fólki með fötlunina þroskahömlun til boða. Áhersla í námi fullorðins fólks beinist að ábyrgð námsmannsins, að hann sé virtur sem virkur þátttakandi í námsferli sínu. Það sama á við þroskahamlað fólk, námsþarfir og óskir þeirra þurfa að vera í samhengi við það sem er efst á baugi í fræðunum um nám og kennslu fullorðinna (María Hildipórsdóttir, 2006).

Þegar samfélag útilokar ákveðna einstaklinga, þá stuðlar það að sjálfsmynd hjá einstaklingi sem segir honum að hann sé ekki jafngildur og aðrir. Hann dregur sig í hlé því ekki er hlustað á hann og einhverjir aðrir taka allar ákvarðanir fyrir hann. Honum er uppálagt á hvaða bás hann skuli halda sig og þar skuli hann vera þar til einhver annar en hann er búinn að leita réttar hans. Þessu þarf að breyta á þann hátt að einstaklingar séu hvattir og þeim kennt að bera sig hátt, að þeir séu jafngildir öðrum þegnum samfélagsins. Fátt er eins mikilvægt og að styrkja fólk í að öðlast jákvæða sjálfsmynd. Sjálfsvirðingin eru viðbrögð manneskjunnar við sjálfri sér eftir því hvernig aðrir koma fram við hana (Ramarchan o.fl., 2000). Einnig þarf að sætta sig við það sem ekki verður breytt og finna réttan farveg að því. Öll menntun sem gerir mönnum kleift að afla og njóta lífsgæða er gagnleg menntun. Hugmyndina um gagnsemi menntunar er líka hægt orða með öðrum hætti; „að gagnleg er sú menntun sem gerir mönnum kleift að takast á við þau verkefni sem lífið leggur þeim á herðar“ (Vilhjálmur Árnason, 2003:31).

Það sem þarf að hafa að leiðarljósi í menntun fullorðinna með þroskahömlun er vel lýst með orðum Guðmundar Finnbogasonar (1903/1994:33): „Menntun hvers manns verður að metast eftir því hve hæfur hann er til að lifa og starfa í mannlegu samfélagi, lifa og starfa þannig að líf hans verði með hverjum degi meira virði fyrir sjálfan hann og aðra.“

### **Hvað á námið að innihalda?**

Hér á eftir verða nokkrar hugmyndir settar fram um hvernig ég tel að standa skuli að námi fyrir fullorðið fólk með þroskahömlun og hvað námið ætti að innihalda menntunarlega séð. Hugmyndirnar byggja ég að hluta á reynslu Nýsjálendinga bæði hvað varðar áherslur í námi og tímaskipulag. Einnig er horft til hugmyndafræði og skipulags lýðháskólans í Svíþjóð ásamt eigin reynslu í

kennslu ungs fólks með þroskahömlun. Um er að ræða námsleið fyrir nemendur sem hafa lokið fjögurra ára námi á starfsbraut framhaldsskólans eða sambærilegu námi.

- Námið þarf að vera staðsett í menntastofnun. Þeir sem skipuleggja námið þurfa að hafa bæði menntun og reynslu af kennslu nemenda með þroskahömlun. Slíkir skipuleggjendur séu ráðnir til stofnunarinnar ef þeir eru ekki til staðar og einnig þurfa þeir að geta veitt þeim kennsluráðgjöf sem koma að kennslu nemendanna.
- Virk skólanefnd/skólastjórn verði starfandi og gegni því hlutverki að fylgjast með skólastarfinu og koma með hugmyndir að leiðum sem nýta má í náminu. Hún styðji einnig við að útvega fjármagn til að halda slíku námi gangandi. Í nefndinni gætu starfað stjórnendur námsleiðarinnar, fulltrúi nemenda, aðilar frá hagsmunasamtökum og foreldrar.
- Stuðla að því að nemendur fái aðgang að námslánakerfi eins og aðrir sem stunda nám á fullorðinsaldri.
- Boðið verði samfellt tveggja ára nám og kennt alla daga, sex klukkutíma á dag kl. 9–15, með tveimur til þremur hléum. Vikufjöldi yfir vetrartímamann yrði í samræmi við annað nám í menntastofnuninni.
- Mikla áherslu þarf að leggja á að nemendur námsbrautarinnar eigi greiða leið að félagslífi með öðrum nemendum menntastofnunarinnar. Finna þarf út hvaða fyrirlestrar og námskeið gætu hentað nemendum þar sem þeir eru hluti af heild inni í skólasamfélaginu.
- Námsbrautin þarf að hafa bíl eða bíla til umráða, eftir fjölda nemenda, svo hægt sé að fara með námið út í samfélagið, eins konar hreyfanleg skólastofa.
- Aðgengi að líkamsræktarstöð og kennslueldhúsi þarf að vera fyrir hendi.
- Koma þarf á samvinnu við stofnanir og fyrirtæki t.d. banka, ferðaskrifstofur, dansskóla eða listaháskóla.
- Meginmarkmið námsins er áhersla á sjálfseflingu/valdeflingu þar sem unnið er með sjálfsvirðingu nemenda, sjálfstraust, samskiptafærni og samkennd. Nauðsynlegt er að aðlaga námsefni í lífsleikni eftir félagslegum

styrk nemenda og hæfni þeirra að tileinka sér nýja færni og að viðhalda henni.

- Lýðheilsa á að vera rauður þráður í gegnum allt námið þar sem lögð er áhersla á lífsleikni og heilsurækt ásamt hollu mataræði.
- Til að eiga innihaldsríkt líf í nútímasamfélagi þarf að rækta með sér áhugamál sem nemendur eiga að fá að kynnast í gegnum menningar- og listalíf, leiklist, tónlist, myndlist og kvikmyndir. Að fara í ferðalög bæði innanlands og utan er orðinn stór þáttur í menningu okkar og þurfa nemendur að fá tækifæri að skipuleggja slíkar ferðir og njóta þeirra.
- Læsi er mjög mikilvægur þáttur námsins en hægt er að vera læs með ýmsum hætti. Læs á bækur og blöð, læs á tölvur og læs á myndir. Nemendur vinna hver eftir sinni getu úr þeim verkefnum sem lögð eru fyrir.
- Vinna á tölvur er stór þáttur alls náms og kennslu. Gott aðgengi þarf að vera að tölvum í þeim skólastofum þar sem nemendur vinna að verkefnum sínum.
- Stærðfræði daglegs lífs með áherslu á fjármál yrði hluti af náminu.
- Tryggja þarf starfsþjálfun þar sem stutt yrði við nemendur til að komast út í atvinnulíf eftir að námi er lokið. Hugsanlega er hægt að vinna slíkt í samstarfi við AMS, Atvinnu með stuðningi, seinna námsárið.
- Nemendur myndu ljúka formlegu tveggja ára diplómanámi með áherslu á lífsstíl og heilsueflingu ásamt einstaklingsmiðaðri starfsþjálfun.

## Lokaorð

Þessi ritgerð fjallaði um nám sem gæti tekið við að loknu framhaldsskólanámi fyrir fullorðið fólk með þroskahömlun. Hún varpar vonandi ljósi á mikilvægi þess að allir eigi þess kost að menntast í nútímasamfélagi því rétturinn er ljós en erfðara hefur verið að fylgja honum eftir þegar nemendur, sem þurfa stuðning, eiga í hlut. Samfélagið er orðið mun opnara nú fyrir margbreytileika manneskjunnar og þar með talið fólki með þroskahömlun. Öll eigum rétt á því að velja að hverju við viljum stefna á fullorðinsárum, hvort sem um er a ræða nám eða starf. Með því að koma á nýrri námsleið fyrir nemendur með þroskahömlun er stigið skref í þá átt að þau muni eiga val í lífinu. Einnig gæti það stuðlað að því að námið á starfsbrautum framhaldsskókanna verði leið yfir á næsta skólastig, í það minnsta fyrir hluta nemenda í stað þess að lenda inni í tómarúmi. Von mín er að fljótlega verði hægt að hefjast handa við skipulagningu slíks náms í samráði við Háskólann í Reykjavík og að menntamálaráðuneyti ásamt félagsmálaráðuneyti sjái sér fært að taka þátt í slíku brautryðjendastarfi.

## Heimildaskrá

ADHD samtökin (1997). *Grunnskóla er lokið, hvað tekur við?* Sótt 21.11.2007 af [http://www.adhd.is/Files/Skra\\_0014409.doc](http://www.adhd.is/Files/Skra_0014409.doc).

*Aðalnámskrá framhaldsskóla – lífsleikni* (1999). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

Aldís Yngvadóttir (2004). *Reiknaðu með hjartanu: Lífsleikni fyrir framhaldsskóla* [Rafræn útgáfa]. Reykjavík: Höfundur.

Ástríður Stefánsdóttir (2006). Sjálfræði, virðing og samskipti: Hugleiðingar um siðferðilegt innsæi. *Netla: Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt 12.11.2007 af <http://netla.khi.is/greinar/2006/003/index.htm>.

Bogdan, R. og Biklen, S. (1998). *Qualitative research for education: An introduction to theory and methods*. (3. útgáfa). Boston: Allyn and Bacon.

Bruner, J. (1996). *The Culture of Education*. Cambridge: Harvard University Press.

Bruner, J. (1974). *Relevance of Education*. Great Britain: Penguin Education.

Brynhildur G. Flóvenz (2004). *Réttarstaða fatlaðra*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Dewey, J. (1938/2000). *Reynsla og menntun*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Dóra S. Bjarnason (2003). Fullorðinshlutverk og fötlun. Í Rannveig Traustadóttir (ritstj.), *Fötlunarfræði* (bls.153–174). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Dóra S. Bjarnason og Gretar L. Marinósson (2007). Kenningarleg sýn. Í Gretar L. Marinósson (ritstj.) *Tálmar og tækifæri. Menntun nemenda með þroskahömlun á Íslandi* (bls. 47 – 58). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

ERO (e.d.). *About ERO*. Sótt 08.05.2007 af  
[http://www.ero.govt.nz/ero/publishing.nsf/Content/ERO%27s+Role#The%20Education%20Review%20Office%20\(ERO\)](http://www.ero.govt.nz/ero/publishing.nsf/Content/ERO%27s+Role#The%20Education%20Review%20Office%20(ERO))

Eyjólfur Kjalar Emilsson (1986). Af hverju er menntun eftirsóknarverð? *Ný menntamál 4(1)*, bls. 8-11.

Folkhögskola Nu (2007). *Mer om Folkhögskola*. Sótt 08.09.2007 af  
<http://www.folkhogskola.nu/page/153/folkhogskolansideochidentitet.htm>

Gestur Guðmundsson (2000). Æskulýðsstarfsemi í Reykjavík í ljósi félagsfræðilegra kenninga. Í Friðrik H. Jónsson og Ingjaldur Hannibalsson (ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum III: Erindi flutt á ráðstefnu í október 1999* (bls. 379 – 393). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Gordon, L. (1992). The New Zealand State and Educational Reforms: "Competing" Interests. *Comparative Education*, 28(3), 281-291.

Gretar L. Marinósson (2007). Rannsókn á nemendum með þroskahömlun. Í Gretar L. Marinósson (ritstj.) *Tálmar og tækifæri. Menntun nemenda með þroskahömlun á Íslandi* (bls. 27 – 34). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Gretar L. Marinósson, Atli Lýðsson, Birna H. Bergsdóttir, Dóra S. Bjarnason, Elsa Sigríður Jónsdóttir, Hrönn Pálmadóttir Ingibjörg H. Harðardóttir og Ingibjörg Kaldalóns (2007). Umræður: Hvernig má túlka niðurstöðurnar? Gretar L. Marinósson (ritstj.) *Tálmar og tækifæri. Menntun nemenda með þroskahömlun á Íslandi* (bls. 274 – 287). Reykjavík: Háskólaútgáfan.



Gretar L. Marinósson og Auður B. Kristinsdóttir (2007). Hvað vitum við um menntun nemenda með þroskahömlun? Í Gretar L. Marinósson (ritstj.). *Tálmar og tækifæri. Menntun nemenda með þroskahömlun á Íslandi* (bls. 35 - 46). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Grundtvig på Nettet (e.d.). Tidslinie. Sótt 13.10.2007 af <http://grundtvigsiden.homepage.dk/tid.htm>

Guðmundur Finnbogason (1903/1994). *Lýðmenntun – Hugleiðingar og tillögur*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Gunnar Hersveinn (2005). *Gæfuspor: Gildin í lífinu*. Reykjavík: JPV útgáfa.

Hafþór Guðjónsson (2005). (Einstaklingsmiðað) NÁM. *Netla Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt 9.9. 2006 af <http://netla.khi.is/greinar/2005/009/index.htm>.

Hagstofa Íslands (2006). *Ísland í tölum* [Rafræn útgáfa].

Hagtölur Nýja-Sjálands (2007, 20. apríl). *The New Zealand Herald*.

Hanna Björg Sigurjónsdóttir (2006). Valdefling: Glíma við margrætt hugtak. Í Rannveig Traustadóttir (ritstj.). *Fötlun* (bls. 66–77). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Menntamálaráðuneyti (2005). Námskrá fyrir sérdeildir framhaldsskóla: Starfsbrautir. Sótt á vef 03.03.2008 <http://bella.mrn.stj.is/utgafur/starfsbrautir2005.pdf>.

Helga Jónsdóttir (2003). Viðtöl sem gagnasöfnunaraðferð. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstj.). *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 67-84). Akureyri: HA.

Hrafnhildur Ragnarsdóttir (2005). *Tilfærsla ungs fólks úr skóla yfir í atvinnulíf*. Óbirt meistaraþrófsritgerð: Kennaraháskóli Íslands.

Højgaard, S. (2005). *Den islandske forstander*. Sótt 11.02.2008 af <http://www.fyn.dk/modules/fsArticle/index.php?articleid=34787>.

King, M. (2003). *The Penguin History of New Zealand*. Auckland: Penguin Group.

Lange, D. (1988) *Tomorrow's Schools*. Wellington: Government Printer.

*Lög um málefni fatlaða nr. 59/1992.*

María Hildipórsdóttir (2006). *Möguleikar fatlaðs fólks til náms að loknum framhaldsskóla*. Óbirt meistaraþrófsritgerð: Kennaraháskóli Íslands.

Menntamálaráðuneytið (1995). *Salamanca-yfirlýsingin og rammaáætlun um aðgerðir vegna nemenda með sérþarfir* (Keneva Kunz þýddi). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

Meyvant Þórolfsson (2003). Tími, rúm og orsakasamband. Nám sem félagsleg hugsmíð. *Netla Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt 12. 11. 2007 af <http://netla.khi.is/greinar/2003/001/index.htm>.

Ministry of Education (e.d.a). *School Board of Trustees Elections, Co-options and Selection to a casual vacancy*. Sótt 13.03.2007 af <http://www.minedu.govt.nz/index.cfm?layout=document&documentid=7603&data=1%20target%20=%20new>.

Ministry of Education (e.d.b). *Schooling in New Zealand – A Guide*. Sótt 13.03.2007 af [http://www.minedu.govt.nz/index.cfm?layout=document&documentid=6169&CFID=6720600&CFTOKEN=47563525&goto=00-02#P32\\_5279](http://www.minedu.govt.nz/index.cfm?layout=document&documentid=6169&CFID=6720600&CFTOKEN=47563525&goto=00-02#P32_5279).

- Ministry of Education (e.d.c). Sótt 04.05.2007 af <http://www.minedu.govt.nz>.
- Ministry of Education (e.d.d). The New Zealand Tertiary Education System. Sótt 08.05.2007 af <http://minedu.govt.nz/index.cfm?layout=document&documentid=9235&indexid=1028&indexparentid=1000&goto=00>.
- Ministry of Education. (2003). *Special Education: A Quick Guide for Boards of Trustees*. New Zealand: Ministry of Education publication.
- New Zealand in History (e.d.). *The history of New Zealand : a brief overview of the pre-historic, colonial and modern periods*. Sótt 19.05.2007 af <http://history-nz.org/>.
- OECD. (2006). *Education at a Glance*. Sótt 05.04.2007 af [http://www.oecd.org/document/52/0,2340,fr\\_2649\\_201185\\_37328564\\_1\\_1\\_1\\_1,00.html](http://www.oecd.org/document/52/0,2340,fr_2649_201185_37328564_1_1_1_1,00.html).
- OECD. (2007a). *Country statistical profiles*. Sótt 05.04.2007 af <http://stats.oecd.org/WBOS/default.aspx?DatasetCode=CSP2007>.
- OECD. (2007b). *OECD in Figures* [Rafræn útgáfa].
- Páll Skúlason (1987). *Pælingar*. Reykjavík: Höfundur.
- Páll Skúlason (1989). *Pælingar II*. Reykjavík: Höfundur.
- Picot, B. (1988) *Administering for Excellence: Effective administration in education* (Wellington, Government Printer).
- Ramcharan. P., Roberts, G., Grant, G. og Borland, J. (2000). *Empowerment in everyday life. Learning disability*. London: Jessica Kingsley Publishers.

Rannveig Traustadóttir (2003). Fötlunarfræði: Sjónarhorn, áherslur og aðferðir á nýju fræðasviði. Í Rannveig Traustadóttir (ritstj.) *Fötlunarfræði* (bls. 17–51). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Rannveig Traustadóttir (2006). Í nýjum fræðaheimi: Upphaf fötlunarfræða og átök ólíkra hugmynda. Í Rannveig Traustadóttir (ritstj.) *Fötlun* (bls. 13–33). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Statistics, N. Z. (2006). *Quickstats - National Highlights* [Rafræn útgáfa].

Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands (1944) nr. 33 á vef Alþingis. Sótt 23.02.2008  
<http://www.althingi.is/lagasofn/nuna/1944033.html>.

Team Up (e.d.). *Board of Trustees*. Sótt 26.03.2007 af  
<http://www.teamup.co.nz/helping/trustees/default.htm>.

Tryggvi Sigurðsson (2000). Þroskahömlun (bls. 12–16). Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Reykjavík.

Tryggvi Sigurðsson (2003). Sótt 22. okt.2007 af  
[http://www.greining.is/greiningarstöð.nsf/pages/umf\\_troskahomlun.html](http://www.greining.is/greiningarstöð.nsf/pages/umf_troskahomlun.html).

Vilhjálmur Árnason (1997). *Broddflugur: Siðferðilegar ádeilur og samfélagsgagnrýni*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Walker, J. J. (munnleg heimild, 5. mars 2007).

Veitch, B.V. (2003). *Education for adults with an intellectual disability (including transition to adulthood)* [Rafræn útgáfa]. Wellington: National Health Committee.

Puríður Jóna Jóhannsdóttir (2001, janúar). *Veiðum menntun í netið*. Sótt 24.02.2008 af <http://ust.khi.is/tjona/medw.htm>.